


HEILINDI



ÓHÆÐI



FAGMENNSKA



ÁRSSKÝRSLA RÍKISENDURSKOÐUNAR 2012

APRÍL 2013

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA	3
STAÐA, HLUTVERK OG STEFNA RÍKISENDURSKOÐUNAR	7
ALMENNT UM STARFSEMI OG REKSTUR RÍKISENDURSKOÐUNAR ÁRIÐ 2012	10
FJÁRHAGSENDURSKOÐUN	21
STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN	26
ÖNNUR EFTIRLITSVERKEFNI OG VIÐFANGSEFNI	31
FYRRI ÁFANGI ALÞJÓÐLEGRAR JAFNINGJAÚTTEKTAR.....	37
ÁHÆTTUGRUNDAÐ VERKEFNAVAL Í FJÁRHAGSENDURSKOÐUN	40
INNLEIÐING ALÞJÓÐLEGRA STAÐLA (ISSAI) Í FJÁRHAGSENDURSKOÐUN	43
STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2012	46
OPINBER RIT ÁRIÐ 2012	48
ÁRSREIKNINGUR 2012	50

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA



Á undanförunum árum hafa fjárveitingar til Ríkisendurskoðunar verið skornar verulega niður. Þannig lækkaði árlegt framlag til stofnunarinnar um tæplega þriðjung að raungildi á tímabilinu 2008–2012. Framlagið var tæplega 482 m.kr. árið 2008 en rétt rúmar 430 m.kr. á síðasta ári. Stofnunin átti ónýttar fjárheimildir frá fyrri árum sem notaðar hafa verið til að mæta niðurskurðinum að hluta. Jafnframt hefur verið gripið til margvíslegra sparnaðarráðstafana, m.a. hefur ekki verið ráðið í allar stöður sem hafa losnað. Á tímabilinu fækkaði starfsmönnum stofnunarinnar um samtals sjö, úr 49 í 42. Það gefur augaleið að svo mikil fækkun hlýtur að koma niður á getu stofnunarinnar til að sinna verkefnum sínum. Ég tel að nú sé komið að þolmörkum í þessu efni og að ekki verði lengra gengið í niðurskurði án þess að jafnframt verði hugað að því að breyta verkefnum Ríkisendurskoðunar og draga úr lögbundnum skyldum hennar. Þess ber að geta að starfsmenn stofnunarinnar hafa haft skilning á erfiðri fjárhagsstöðu hennar, sinnt störfum sínum af alúð og metnaði og skilað góðum afköstum þrátt fyrir mótbyrinn. Ég vil nota tækifærið hér og þakka starfsmönnum fyrir vel unnin störf á undanförunum árum.

Síðastliðið haust varð stofnunin fyrir þungri gagnrýni á opinberum vettvangi vegna þess að dregist hafði að ljúka skýrslu um fjárhagsupplýsingakerfi ríkisins (Orra) og skila henni til forsætisnefndar Alþingis. Nefndin bað upphaflega um skýrsluna árið 2004 en af ástæðum sem ekki verða raktar hér hafði ekki tekist að ljúka verkinu. Mjög ófull-

komin skýrsludrög frá árinu 2009 lágu hins vegar fyrir hjá stofnuninni. Þeim var lekið til sjónvarpsþáttarins Kastljóss á RÚV sem fjallaði um þau í æsifrættastíl undir lok september. Í þeirri umræðu sem spannst í kjölfarið voru því miður settar fram ýmsar villandi fullyrðingar um kaupin á Orra, vinnslu skýrslunnar, Ríkisendurskoðun og mig sem yfirmann hennar. Stofnunin reyndi að bregðast við þessari orrahríð, leiðréttá misskilning og útskýra málið. En þunginn í umræðunni var mikill og ljóst er að einhver tími mun líða áður en það orðsporstjón sem stofnunin varð fyrir vegna hennar verður að fullu bætt. Ég vil nota tækifærið hér og áréttá nokkur atriði sem varða þetta mál: Tafir á vinnslu skýrslunnar voru óviðunandi. Á þeim bar ég að sjálfsögðu fulla ábyrgð. Ég gerði ítarlega grein fyrir ástæðum þeirra í sérstöku minnisblaði sem ég sendi forseta Alþingis í byrjun október. Forseti gerði ekki athugasemdir við skýringar mínar. Þá hafa ráðstafanir verið gerðar til að tryggja að atvik af þessu tagi geti ekki endurtekið sig. Í lok september lagði forseti Alþingis fyrir mig að skila endanlegri skýrslu um kaupin og innleiðinguna á Orra fyrir lok október. Skýrslunni var skilað til forseta 30. október og jafnframt birt opinberlega. Hún er mjög frábrugðin þeim ófullkomnu drögum sem lekið var til Kastljóss, bæði hvað varðar framsetningu og efnislegar niðurstöður. Að baki lokaskýrslunni býr mikil og vönduð vinna og niðurstöður hennar eru vel rökstuddar. Það vekur óneitanlega nokkra athygli að mjög lítil opinber umræða hefur orðið um hana, sem væntanlega segir sína sögu um gæði hennar.

Ríkisendurskoðun hefur kappkostað að eiga sem best samskipti við þær nefndir Alþingis sem starfsemi hennar lýtur einkum að, fjárlaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Því miður varð hið svokallaða Orra-mál til þess að formenn umræddra þingnefnda sáu ástæðu til að lýsa því yfir að trúnaðarrestur hefði orðið milli meirihluta þeirra og Ríkisendurskoðunar. Í kjölfarið hafa samskipti stofnunarinnar við þessar nefndir verið í algjöru lágmarki og hefur hún ekki fengið boð um að kynna skýrslur sínar á fundum þeirra. Þetta er mjög óheppilegt og getur alls ekki gengið til lengdar. Á síðasta ári gerði Alþingi þá breytingu á þingskapalögum að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er nú falið að fjalla um allar skýrslur Ríkisendurskoðunar en áður fjallaði fjárlaganefnd um skýrslur um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er þó heimilt að vísa skýrslu til meðferðar í annarri þingnefnd ef umfjöllunarefni hennar býður upp á það. Þótt Ríkisendurskoðun taki undir það sjónarmið að skynsamlegt sé að ein fastanefnd hafi yfirsýn um allar skýrslur sem stofnunin sendir þinginu, þá verður ekki framhjá því litið að erfitt getur reynst fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að komast yfir að fjalla um allar skýrslur stofnunarinnar. Þetta á einkum við þegar nefndin er önnur kafin í ýmsum öðrum verkefnum, eins og verið hefur að undanförunu. Af þessum sökum er heimild nefndarinnar til að vísa skýrslum til annarra fastanefnda mjög mikilvæg og stuðlar að því að skýrslurnar nýtist þinginu sem best við eftirlit þess með framkvæmdarvaldinu.

Síðla árs 2011 skipaði forsætisnefnd Alþingis þriggja manna nefnd til að endurskoða lög um Ríkisendurskoðun. Þuríður Backman alþingismaður var formaður nefndarinnar en auk hennar áttu Stefán Svavarsson endurskoðandi og undirritaður sæti í henni. Nefndin hélt samtals 15 fundi og ræddi við ýmsa aðila með þekkingu á endurskoðun og eftirlitsstarfsemi af því tagi sem stofnunin sinnir. Einnig óskaði hún eftir skriflegum

ábendingum frá ráðuneytum um mögulegar breytingar á lögnum. Þá fólst vinna nefndarinnar að stórum hluta í því að kanna lagaumhverfi systurstofnana Ríkisendurskoðunar í nágrannalöndunum, einkum í öðrum norrænum ríkjum. Í febrúar 2013 skilaði nefndin af sér frumvarpi til nýrra laga um Ríkisendurskoðun ásamt ítarlegri greinargerð. Þar er að finna ýmis nýmæli miðað við núgildandi lög, t.d. hvað varðar skipun ríkisendurskoðanda, aðgang að gögnum hjá stofnuninni og fleiri atriði. Að mínu mati felur frumvarpið í sér tímabærar umbætur sem munu án efa styrkja stofnunina, verði það að lögum. Það er von mín að Alþingi taki frumvarpið til meðferðar á næsta reglulega þingi þannig að ný lög um Ríkisendurskoðun geti tekið gildi á árinu 2014.

Árið 2011 skipaði fjármálaráðherra stýrihóp undir stjórn Guðmundar Árnasonar, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, til að semja frumvarp til nýrra laga um fjármál hins opinbera í stað núverandi laga um fjárreiður ríkisins. Undirritaður á sæti í þessum hópi. Mikil vinna hefur verið lögð í gerð frumvarpsins og er hún nú á lokastigi. Þar er að finna ýmis nýmæli miðað við núgildandi lög. Meðal annars er lögð áhersla á aukna festu í allri ákvarðanatöku við mótun og gerð fjárlaga og aukin ábyrgð færð til þeirra sem annast framkvæmd þeirra og eftirlit með ríkisfjármálunum. Áætlanir um ríkisfjármál skulu gerðar til fimm ára og gert er ráð fyrir breyttum reikningsskilaaðferðum í samræmi við staðla sem gilda um reikningsskil opinberra aðila (*International Public Sector Accounting Standards – IPSAS*). Vonir standa til þess að frumvarpið verði lagt fram til kynningar á þessu vori og að þingið taki það til meðferðar í haust. Óskandi er að málið fái vandaða og góða umfjöllun á þinginu og að ný lög um opinber fjármál taki gildi sem fyrst.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá hruni stóru bankanna og setningu neyðarlaganna haustið 2008. Tekjuhalli ríkisins hefur farið jafnt og þétt minnkandi á þessu tímabili en mikill samdráttur hefur orðið í rekstri og fjárfestingu. Á sama tíma hafa skattar og ýmis gjöld sem renna í ríkissjóð verið hækkuð í því skyni að ná endum saman í rekstrinum. Við þessar aðstæður hefur mikið mætt á fjármálaráðuneyti og fjárlaganefnd sem hafa borið hita og þunga af því að koma saman fjárlögum og fjáráukalögum. Raunar er athyglisvert að þessum aðilum hefur reynst erfitt að sjá fyrir allar eftirhreytur hrunsins sem fallið hafa á ríkissjóð, jafnvel þótt þessar eftirhreytur hafi verið algerlega fyrirsjáanlegar. Þetta endurspeglast í auknum tekjuhalla ríkisins í ríkisreikningi miðað við fjárlög og fjáráukalög.

Ríkisendurskoðun hefur um áratugaskeið tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi ríkisendurskoðana sem skilað hefur stofnuninni margvíslegum ávinningi. Þannig á stofnunin m.a. aðild að Alþjóðasamtökum ríkisendurskoðana (INTOSAI) og Evrópusamtökum ríkisendurskoðana (EUROSAI), en ríkisendurskoðandi sat í stjórn síðarnefndu samtakanna á árunum 2006 til 2011. Mest hafa þó samskiptin verið við systurstofnanir á Norðurlöndunum. Þess ber að geta að í kjölfar bankahrunsins dró mjög úr þátttöku Ríkisendurskoðunar í alþjóðastarfi, m.a. hætti stofnunin þátttöku í tveimur vinnuhópum á vegum EUROSAI. Þó var áfram reynt eftir föngum að sinna norrænu samstarfi eins og verið hafði. Á árlægum fundi norrænna ríkisendurskoðenda í Stokkhólmi á síðasta ári var ákveðið að taka samstarf stofnananna til endurmats. Hingað til hafa verið starfræktir nokkrir sameiginlegir vinnuhópar, t.d. vinnuhópar um fjárhagsendur-

skoðun og stjórnýsluendurskoðun, sem hafa fundað árlega eða annað hvert ár. Í stað þessara litlu funda er nú rætt um að halda árlega eina stóra ráðstefnu sem hverju sinni yrði helguð ákveðnu þema sem tengist starfsemi stofnananna á einhvern hátt. Markmið breytingarinnar er að nýta betur það fé sem stofnanirnar verja til norræns samstarfs og stuðla að því að það skili hámarksávinningi. Málið var rætt á fundi aðaltengiliða norræns samstarfs sem haldinn var nýlega hér á landi en lokaákvörðun verður tekin á fundi norrænu ríkisendurskoðendanna á sumri komanda.

Árið 2011 fór ég þess á leit við ríkisendurskoðanda Hollands, Fr. Saskia Stuiveling, að stofnun hennar tæki að sér að hafa forystu um svokallaða jafningjaúttekt (*peer review*) á starfsemi Ríkisendurskoðunar. Nokkuð er um að ríkisendurskoðanir gangist undir slíkar úttektir og eru þær unnar í samræmi við sérstakan staðal INTOSAI (ISSAI 5600). Hollenski ríkisendurskoðandinn féllst á þessa beiðni og var farið fram á að ríkisendurskoðanir Noregs og Svíþjóðar tækju einnig þátt í jafningjaúttektinni, sem þær samþykktu. Í janúar 2012 var undirritað samkomulag um að á því ári skyldi lokið úttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við stjórnýsluendurskoðun en úttekt á vinnubrögðum við fjárhagsendurskoðun skyldi fara fram árið 2013. Í júní á síðasta ári kom fimm manna teymi sérfræðinga hingað til lands og dvaldi hér í um viku tíma og ræddi við starfsmenn Ríkisendurskoðunar, fulltrúa ráðuneyta og stofnana og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Áður hafði sérfræðingateymið valið átta skýrslur stofnunarinnar til skoðunar og fengið þær og ýmis tengd gögn í enskri þýðingu. Drög að skýrslu bárust á haustdögum og lokaskýrsla í desember. Í heild er þar dregin upp jákvæð mynd af vinnubrögðum stjórnýslusviðs en um leið bent á nokkur atriði sem huga mætti að til úrbóta. Að mínu mati hefur þetta ferli verið lærdómsríkt og gagnlegt fyrir stofnunina og mun það styrkja það góða starf sem hér er unnið (sjá nánar grein á bls. 37–39). Ég vænti þess að jafningjaúttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við fjárhagsendurskoðun, sem unnið er að um þessar mundir, muni að sama skapi skila stofnuninni ávinningi til framtíðar.

Í þessari skýrslu er fjallað vítt og breitt um rekstur og starfsemi Ríkisendurskoðunar á árinu 2012. Í kafla 1 er fjallað almennt um starfsemina á árinu: vinnuframlag starfsmanna, tekjur og kostnað, mannauðsmál, innra skipulag og árangursmælingar. Í kafla 2 er fjallað um fjárhagsendurskoðun og í kafla 3 um stjórnýsluendurskoðun. Í kafla 4 er fjallað um ýmis önnur viðfangsefni stofnunarinnar, m.a. eftirlitsverkefni, útgáfustarfsemi og alþjóðleg samskipti. Því næst eru þrjár greinar eftir starfsmenn stofnunarinnar: Í fyrsta lagi grein eftir alþjóðafulltrúa stofnunarinnar og sviðsstjóra stjórnýslusviðs um fyrri áfanga alþjóðlegarar jafningjaúttektar á Ríkisendurskoðun, í öðru lagi grein eftir sviðsstjóra og deildarstjóra endurskoðunarviðs um áhættugreiningu og í þriðja lagi grein eftir tvo sérfræðinga endurskoðunarviðs um innleiðingu alþjóðlegra staðla í fjárhagsendurskoðun. Því næst eru birtir listar yfir starfsmenn árið 2012 og útgefin rit á því ári. Loks er birtur ársreikningur stofnunarinnar fyrir árið 2012.



STAÐA, HLUTVERK OG STEFNA RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis og er þáttur í eftirliti löggjafarvaldsins með framkvæmdarvaldinu. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga stofnana og fyrirtækja sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá hefur stofnunin eftirlit með og stuðlar að umbótum á fjármálastjórn slíkra aðila sem og bættri hagsýni, skilvirkni og árangri þeirra. Framtíðarsýn stofnunarinnar er að vera í fremstu röð í faglegri opinberri endurskoðun.

Ríkisendurskoðun starfar samkvæmt lögum um stofnunina (nr. 86/1997) og, eftir atvikum, lögum um endurskoðendur (nr. 79/2008) sem og ýmsum öðrum lögum sem varða starfsemi hennar, s.s. lögum um fjárreiður ríkisins (nr. 88/1997) og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (nr. 70/1996). Þá eru stofnuninni falin verkefni samkvæmt ýmsum lögum, s.s. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá (nr. 19/1988) og lögum um fjármálstjórnsmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra (nr. 162/2006). Í störfum sínum hafa starfsmenn Ríkisendurskoðunar hliðsjón af stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og, eftir atvikum, stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Enn fremur fylgja starfsmenn siðareglum stofnunarinnar. Þar sem Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi gilda stjórnarsýslulög og upplýsingalög ekki um starfsemi hennar. Engu að síður gilda vissar óskráðar meginreglur stjórnarsýsluréttar um stofnunina, m.a. hæfisreglur. Með hliðsjón af lögum, reglum, stöðlum og leiðbeiningum hefur Ríkisendurskoðun skilgreint meginverkefni sín með eftirfarandi hætti.

FJÁRHAGSENDURSKOÐUN

Endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins. Endurskoðun reikninga þeirra aðila sem starfa á ábyrgð ríkisins eða sinna lögbundinni þjónustu eða öðrum verkefnum gegn greiðslu eða styrkjum úr ríkissjóði. Athuganir á innra eftirliti og öryggi upplýsingakerfa. Ábendingar um það sem betur má fara í bókhaldi, reikningsskilum, innra eftirliti og rekstri og öryggi upplýsingakerfa.

STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN

Úttektir á frammistöðu stofnana og fyrirtækja ríkisins og aðila sem þiggja framlög frá ríkinu. Mat á hagsýni, skilvirkni og árangri í rekstri og ábendingar um leiðir til að bæta þessa þætti.

**ÞÁTTUR Í EFTIRLITI
LÖGGJAFARVALDSINS
MEÐ FRAM-
KVÆMDARVALDINU**

**LÖG SEM VARÐA
STARFSEMINA**

MEGINVERKEFNI



EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD FJÁRLAGA

Eftirlit með því hvort fjárreiður og fjárhagslegar ákvarðanir stofnana eru í samræmi við fjárlög, fjárreiðulög og reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

EFTIRLIT MEÐ FJÁRREIÐUM SJÁLFSEIGNARSTOFNANA

Eftirlit með fjárreiðum sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

EFTIRLIT MEÐ FJÁRREIÐUM STJÓRN MÁLASAMTAKA OG FRAMBJÓÐENDA

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga um tekjur og gjöld stjórn málasamtaka og þátttakenda í prófkjörum.

VÍÐTÆKAR SKOÐUNARHEIMILDIR

Lögum samkvæmt hefur Ríkisendurskoðun mjög víðtækar heimildir til endurskoðunar. Hún getur krafist reikningssskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þá er henni heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum og skýrslum sem gerðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu til að sannreyna efni reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. Loks getur hún kallað eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisé og metið hvort slíkar greiðslur hafi skilað tilætluðum árangri.

SJÁLFSTÆÐI

Þótt Ríkisendurskoðun heyri stjórn skipulega undir Alþingi þá er hún engum háð í störfum sínum og velur sjálf og skipuleggur verkefni sín. Forsætisnefnd þingsins getur þó kafið stofnunina um skýrslur um málefni sem falla undir starfssvið hennar. Í slíkum tilvikum ákveður stofnunin hins vegar nálgun að viðfangsefninu, aðferð, hvenær skýrslu er lokið og hvernig niðurstöður eru settar fram. Samkvæmt lögum um stofnunina skulu starfsmenn hennar í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir endurskoða.

Ríkisendurskoðun gerir viðkomandi stofnunum, Alþingi, fjölmiðlum og almenningi grein fyrir niðurstöðum athugana sinna í rafrænum skýrslum og fréttum sem birtar eru á vefsíðu hennar, www.rikisend.is. Niðurstöður sem snerta viðkvæm innri málefni stofnana eru þó ekki gerðar opinberar. Alþingi fjallar um skýrslur Ríkisendurskoðunar samkvæmt þingskapalögum og sérstökum reglum um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar.

STEFNUMÓTUN

Í stefnukorti Ríkisendurskoðunar eru samtals 13 lykilmarkmið. Þau taka til fjögurra „vídda“ starfseminnar sem eru þjónusta, verklag, mannauður og fjármál. Markmið í þjónustuvídd stefnukortsins lúta að þjónustu stofnunarinnar við Alþingi, stjórnsýslu og almenning. Markmið í verklagsvíddinni lúta að þeim aðferðum og vinnubrögðum sem stofnunin beitir til að þjónustan verði sem best. Í mannauðsvídd stefnukortsins er að finna markmið sem varða hæfni og aðbúnað starfsmanna. Þessi markmið stuðla með vissum hætti að því að markmið í verklagsvídd náist. Markmið í fjármálavíddinni lúta að ráðdeild og góðri fjármálastjórn. Þau stuðla að því að markmið allra hinna þriggja víddanna náist. Gildi Ríkisendurskoðunar eru heilindi, óhæði og fagmennska. Starfsmenn eiga að hafa gildin að leiðarljósi, jafnt í vinnunni sem utan hennar.

LYKILMARKMIÐ Í STEFNUKORTI RÍKISENDURSKOÐUNAR

VÍDD	MARKMIÐ	LÝSING
ÞJÓNUSTA	ALÞINGI, STJÓRNVÖLD OG ALMENNINGUR BERA TRAUST TIL RÍKISENDURSKOÐUNAR	RÍKISENDURSKOÐUN ÁVINNUR SÉR TRAUST MEÐ ÞVÍ AÐ ÁSTUNDA FAGLEG VINNUBRÖÐ, VEITA ÁREIÐANLEGAR, TÍMANLEGAR OG ÓHLUTDRÆGAR UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI RÍKISINS.
	ENDURSKOÐA RÍKISREIKNING	STOFNUNIN ENDURSKOÐAR OG ÁRITAR RÍKISREIKNING OG ÁRSREIKNINGA RÍKISSTOFNANA. KANNAR HVORT REKSTUR RÍKISSTOFNANA ER INNAN HEIMILDA FJÁRLAGA OG FJÁRAUKALAGA, HVORT ÞÆR FARI AÐ LÖGUM OG REGLUM OG SINNI HLUTVERKI SÍNU Í SAMRÆMI VIÐ SETT MARKMIÐ.
	META OG STUÐLA AÐ HAGKVÆMNI OG ÁRANGRI Í RÍKISREKSTRI	STOFNUNIN VEITIR AÐHALD MEÐ ÞVÍ AÐ KANNA SKILVIRKNI, HAGKVÆMNI OG ÁRANGUR RÍKISAÐILA OG BENDA Á RAUNHÆFAR LEIÐIR TIL ÚRBÓTA.
VERKLAG	ÖFLUG UPPLÝSINGAMIÐLUN	RÍKISENDURSKOÐUN VEITIR UPPLÝSINGAR SEM AÐVELDA ALÞINGI OG RÍKISAÐILUM AÐ GEGNA HLUTVERKI SÍNU. MIÐLAR UPPLÝSINGUM Á MARKVISSAN HÁTT TIL FJÖLMÍÐLA OG ALMENNINGIS.
	ÖFLUGT GÆÐAEFTIRLIT	STOFNUNIN VIÐHEFUR ÖFLUGT GÆÐAEFTIRLIT SEM STUÐLAR AÐ GÆÐUM OG FAGMENNSKU.
	MARKVISS VERKEFNASTJÓRNUN	STOFNUNIN BEITIR AÐFERÐUM VERKEFNASTJÓRNUNAR SEM M.A. STUÐLA AÐ VÖNDUÐUM ENDURSKOÐUNARÁETLUNUM, SKÝRRI AFMÖRKUN VERKEFNA OG ÁBYRGÐ ÞEIRRA SEM AÐ VERKI KOMA.
	ÁHÆTTUGRUNDAÐ VERKEFNAVAL	VERKEFNAVAL STOFNUNARINNAR BYGGIR Á ÁHÆTTUMATI OG TEKUR MIÐ AF MIKILVÆGI VERKEFNA OG FJÁRHAGSLEGUM ÁVINNINGI.
MANNAUÐUR	ÖFLUG LIÐSHEILD	RÍKISENDURSKOÐUN STUÐLAR AÐ ÖFLUGU SAMSTARFI, GÓÐUM STARFSANDA OG AÐ STARFSFÓLK BERI VIRÐINGU HVERT FYRIR ÖÐRU. LEGGUR ÁHERSLU Á ÞVERFAGLEGT STARF OG UPPLÝSINGAMIÐLUN INNAN OG MILLI SVIÐA OG DEILDA.
	FRUMKVÆÐI OG METNAÐUR	STOFNUNIN LEITAST VIÐ AÐ LAÐA AÐ OG HALDA Í STARFSFÓLK SEM ER METNAÐARFULLT OG VANDVIRKT, METUR FRUMKVÆÐI STARFSMANNA MIKILS OG VILL AÐ ÞEIR ÞRÓIST Í STARFI. STARFSFÓLK SÝNIR SVEIGJANLEIKA Í STÖRFUM SÍNUM OG BREGST FLÓTT OG VEL VIÐ AÐKALLANDI VERKEFNUM.
	MARKVISS STARFSÞJÁLFUN	STOFNUNIN SÉR TIL ÞESS AÐ NÝLIÐAR FÁI NAUÐSYNLEGA LEIÐSÖGN OG ÞJÁLFUN. ÞAÐ SAMA Á VIÐ ÞEGAR STARFSMAÐUR TEKUR VIÐ NÝJU VERKEFNI. STOFNUNIN TRYGGIR STARFSFÓLKI ENDURMENNTUN OG ÞJÁLFUN TIL AÐ EFLA SIG Í STARFI.
	GOTT STARFSUMHVERFI	STOFNUNIN SÝNIR STARFSFÓLKI SVEIGJANLEIKA HVAD VARÐAR VERKEFNI, VINNUTÍMA, ORLOFSTÖKU OG VINNU HEIMA VIÐ SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR. VEITIR STARFSFÓLKI GÓÐAN AÐBÚNAÐ OG ÞJÓNUSTU VIÐ HUG- OG TÆKJABÚNAÐ OG AÐGENGI AÐ VIÐEIGANDI UPPLÝSINGUM.
FJÁRMÁL	REKSTUR Í SAMRÆMI VIÐ FJÁRHEIMILDIR	RÍKISENDURSKOÐUN VIÐHEFUR GÓÐA FJÁRMÁLSTJÓRN OG STARFAR INNAN FJÁRHEIMILDA.
	KOSTNAÐARVITUND	STOFNUNIN TRYGGIR AÐ REKSTUR SÉ HAGKVÆMUR, VERKEFNI SÉU UNNIN INNAN ÁÆTLANA OG HAGSÝNI SÉ GÆTT Í INNKAUPUM.


ALMENNT UM STARFSEMI OG REKSTUR RÍKISENDURSKOÐUNAR ÁRIÐ 2012

SKIPTING VINNUFRAMLAGS MILLI VIÐFANGSEFNA

Árið 2012 voru virkar vinnustundir starfsmanna Ríkisendurskoðunar samtals tæplega 72 þúsund og fækkaði um 10 þúsund frá fyrra ári eða 12%. Með virkum vinnustundum er átt við þann tíma sem starfsmenn eru í vinnu en fjarvistir, s.s. vegna veikinda eða orlofs, eru undanskildar. Ástæða þess að virkum vinnustundum fækkaði milli ára er sú að starfsmenn voru nokkru færri árið 2012 en 2011 (sjá bls. 12). Til viðbótar vinnuframlagi starfsmanna keypti stofnunin þjónustu af endurskoðunarfélögum sem svaraði til um 3.300 vinnustunda.

Líkt og undanfarin ár fór langmestur tími í fjárhagsendurskoðun eða tæplega helmingur virkra vinnustunda. Um fjórðungi vinnustunda var ráðstafað til stjórnsýsluendurskoðunar, tíunda hluta til annarra eftirlitsverkefna og fimmtungi til yfirstjórnar, rekstrar og stoðþjónustu. Skipting virkra vinnustunda milli viðfangsefna var í heild svipuð og árið 2011.


**VIRKUM
VINNUSTUNDUM
FÆKKAÐI UM 12%**



Meira en helmingi virkra vinnustunda var ráðstafað beint til endurskoðunar- og eftirlitsverkefna sem lutu að ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Rúmlega þriðjungur tímans fór í að endurskoða og hafa eftirlit með fjárlagaliðum sem heyra

undir fjármálaráðuneytið og er það mun hærra hlutfall en árið 2011, eins og sjá má á eftirfarandi mynd. Um fimmtungur tímans fór í fjárlagaliði mennta- og menningar- málaráðuneytisins sem er svipað hlutfall og árið 2011. Um 16% var ráðstafað í endurskoðun hjá og eftirlit með fjárlagaliðum velferðarráðuneytisins og um 11% til liða innanríkisráðuneytisins. Minni tíma var ráðstafað til endurskoðunar hjá og eftirlits með öðrum ráðuneytum og æðstu stjórn ríkisins. Hlutfallsleg skipting virkra vinnustunda sem ráðstafað er beint til endurskoðunar og eftirlits hjá ráðuneytumum ræðst m.a. af áhættumati og verkefnavali hverju sinni. Þannig er yfirleitt mismunandi milli ára að hvaða ráðuneytum stjórnsýsluúttektir og aðrar úttektir beinast og það getur haft í för með sér breytingar á skiptingunni.

Hlutfallsleg skipting virkra vinnustunda sem lutu beint að eftirliti með ráðuneytum og undirstofnunum þeirra (%)



TEKJUR OG GJÖLD

Heildargjöld Ríkisendurskoðunar námu um 501,9 m.kr. árið 2012 og hækkuðu lítillega milli ára eða um 4%. Sértekjur námu 42,4 m.kr. og ríkisframlagið um 430,4 m.kr. Því varð um 29,1 m.kr. halli á rekstrinum sem er lítillega betri niðurstaða en árið 2011 þegar tæplega 34 m.kr. halli varð á rekstrinum. Stofnunin átti ónýttar fjárheimildir frá fyrrri árum sem nýttar voru til að mæta hallarekstrinum. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu má finna í ársreikningi og skýringum við hann á bls. 50–61.

Yfirlit rekstrarreiknings 2011 og 2012 (í m.kr.)

	2012	2011	BREYTING	%
LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	394,8	367,0	27,8	8%
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR	105,3	112,3	-7	-6%
STOFNKOSTNAÐUR	1,8	2,0	-0,2	-10%
SAMTALS GJÖLD	501,9	481,3	20,6	4%
SÉRTEKJUR	42,4	41,6	0,8	2%
GJÖLD AÐ FRÁDREGNUM TEKJUM	459,5	439,7	19,8	5%
RÍKISFRAMLAG	430,4	405,8	24,6	6%
TEKJUAFGANGUR (HALLI)	-29,1	-33,9	4,8	-14%

Fjárveitingar til Ríkisendurskoðunar hafa lækkað verulega að raungildi á undanförunum árum. Árið 2008 nam fjárveitingin 481,8 m.kr. sem samsvarar um 641,8 kr. á verðlagi í febrúar 2013. Á síðasta ári nam hún 430,4 m.kr. sem samsvarar um 444,0 kr. á verðlagi í febrúar 2013. Miðað við fast verðlag hefur fjárveitingin því lækkað um nær þriðjung á síðustu fimm árum.

Fjárveitingar til Ríkisendurskoðunar 2008–2012 (í m.kr.)					
ÁR	FJÁRLÖG	LAUNABÆTUR/ MILLIFÆRT	FJÁRVEITING SAMTALS	Á VERÐLAGI Í FEB. 2013	HLUTFALL AF FJÁR- VEITINGU 2008
2008	468,8	13	481,8	641,8	100%
2009	456,4	3	459,4	546,5	85%
2010	424,8		424,8	479,4	75%
2011	392,9	13	405,9	440,5	69%
2012	430,4		430,4	444,0	69%

MANNAUÐUR

Á árinu 2012 létu sex sérfræðingar af störfum hjá Ríkisendurskoðun. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu stofnunarinnar var aðeins unnt að ráða nýjan starfsmann í stað eins þeirra. Í heild fækkaði starfsmönnum því um fimm milli ára, voru 42 í árslok 2012 en 47 í árslok 2011. Niðurskurður framlaga á undanförunum árum hefur valdið því að stofnunin hefur orðið að draga verulega úr umsvifum sínum. Milli áráanna 2008 og 2012 fækkaði starfsmönnum hennar þannig um sjö, úr 49 í 42. Þessi fækkun hefur fyrst og fremst orðið með þeim hætti að ekki hefur verið ráðið í störf sem hafa losnað. Ekki hefur þó með öllu verið hægt að komast hjá uppsögnum en þær hafa sem betur fer verið fáar.

Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á hlutaðeigandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok. Sem fyrr greinir hættu sex starfsmenn hjá Ríkisendurskoðun á síðasta ári og starfsmönnum fækkaði í heild um fimm sem hefur í för með sér að útreiknuð starfsmannavelta var nokkuð mikil á árinu eða 14%. Það er mun meiri velta en undanfarin ár. Á tímabilinu 2009–2011 var árleg starfsmannavelta stofnunarinnar á bilinu 2–4% en til samanburðar má geta þess að á þensluárinu 2007 var hún 17%.

Meðalaldur starfsfólks í árslok 2012 var um 53 ár. Til samanburðar má geta þess að meðalaldur starfsmanna Stjórnarráðs Íslands var rúm 48 ár á síðasta ári. Hlutfall starfsmanna sem voru með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni nam 87% árið 2012 og meðalstarfsaldur var um 14 ár.

Í árslok 2012 voru rúm 85% starfsmanna Ríkisendurskoðunar með háskólapróf, margir þeirra með meistarapróf. Langflestir voru með prófgráðu í viðskiptafræði, fjórir í stjórn mála- eða stjórnsýslufræðum, þrír í lögfræði og tveir í hugvísindum. Þá störfuðu fimm endurskoðendur hjá stofnuninni og þrír starfsmenn höfðu faggildingu í innri endurskoðun (*Certified Internal Auditor* – CIA). Einn þeirra hafði að auki faggildingu í opinberri endurskoðun (*Certified Government Auditing Professional* – CGAP) og annar í endurskoðun upplýsingakerfa (*Certified Information Systems Auditor* – CISA).

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar viðhaldi og efli faglega hæfni sína með endurmenntun. Í þessu skyni er starfsmönnum gert mögulegt að sækja ýmis námskeið samhliða vinnu. Einnig gerir stofnunin samninga við starfsmenn um lengra skipulegt nám, t.d. um nám til löggildingar í endurskoðun, nám til faggildingar í innri endurskoðun og skipulegt háskólanám með vinnu. Þeir starfsmenn sem gera samning um nám til löggildingar í endurskoðun eiga þess kost að verja tveimur vikum (80 vinnustundum) á launum til að undirbúa sig undir hvert þeirra fjögurra prófa sem ljúka þarf til að öðlast löggildingu. Þeir starfsmenn sem gera samning um nám til faggildingar í innri endurskoðun (CIA) eiga þess kost að fá leyfi á launum í tvær vikur (80 vinnustundir) vegna hvers þeirra fjögurra prófa sem ljúka þarf. Þeir starfsmenn sem semja við stofnunina um skipulegt háskólanám samhliða vinnu geta varið allt að átta klukkustundum af vinnutíma sínum í námið á móti hverri námseiningu sem þeir ljúka. Á undanförunum árum hafa fjárveitingar til Ríkisendurskoðunar verið skornar umtalsvert niður. Sparnaði í rekstri hefur m.a. verið náð með því að minnka kostnað námskeiðahalds. Stefnt er að því að efla þennan þátt í starfsemi aftur um leið og hagur stofnunarinnar vænkast að nýju.

**BÝÐST AÐ GERA
SAMNINGA UM
SKIPULEGT NÁM**

Kennitölur um mannauð Ríkisendurskoðunar				
	2012	2011	2010	2009
STARFSMANNAVELTA	14%	4%	4%	2%
MEÐALALDUR STARFSMANNA	53	52	52	50
MEÐALSTARFSALDUR HJÁ RE	14 ÁR	13 ÁR	12 ÁR	11 ÁR
3 ÁRA STARFSREYNsla HJÁ RE	87%	94%	90%	71%

ÁRANGURSMÆLINGAR

Í stefnukorti Ríkisendurskoðunar eru samtals 13 lykilmarkmið: þrjú í þjónustuvídd, fjögur í verklagsvídd, fjögur í mannauðsvídd og tvö í fjármálavídd (sjá bls. 9). Árangursmælikvarðar í skorkorti eru samtals 39, frá einum og upp í fimm fyrir hvert markmið. Þeir segja til um hvort eða hversu vel markmiðin nást á hverjum tíma. Sumum er tiltölulega einfalt að beita, t.d. mælikvörðum sem fela í sér talningu á einhvers konar einingum sem starfsemin leiðir fram. Aðrir útheimta ögn meiri fyrirhöfn, t.d. byggjast allmargir mælikvarðar á því að kanna viðhorf markhópa eða starfsmanna stofnunarinnar. Að auki eru í skorkortinu sett fram viðmið um árangur, þ.e. hvaða gildi á hverjum kvarða stofnunin vill að lágmarki ná, telur æskileg eða viðunandi.

**SAMTALS 39
MÆLIKVARÐAR**

Til að meta hversu vel Ríkisendurskoðun nær þjónustumarkmiðum sínum á hverjum tíma kannar stofnunin m.a. viðhorf alþingismanna, stjórnenda hjá ríkinu og almennings til verka og vinnubragða hennar. Viðhorfskönnun meðal alþingismanna og stjórnenda hjá ríkinu er gerð *annað hvert* ár. Slík könnun var síðast gerð árið 2012 og verður næst gerð árið 2014. Viðhorfskönnun meðal almennings (ímyndarkönnun) er gerð *þriðja hvert* ár. Slík könnun var síðast gerð árið 2011 og verður því einnig næst gerð árið 2014. Niðurstöður árangursmælinga sem byggjast á þessum könnunum verða birtar í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir það ár. Auk mælikvarða sem byggjast á viðhorfskönnunum notar stofnunin einnig annars konar mælikvarða til að meta árangur sinn. Dæmi um slíkar mælingar er að finna í kafla um stjórnsýsluendurskoðun (sjá bls. 30).

**VIÐHORFSKANNANIR
MEÐAL MARKHÓPA**




Mannauðsmarkmið Ríkisendurskoðunar eru fjögur (sjá eftirfarandi töflu) og byggja á starfsmannastefnu stofnunarinnar. Til að meta hversu vel stofnunin nær mannauðsmarkmiðum sínum á hverjum tíma eru viðhorf starfsmanna stofnunarinnar til nokkurra þátta í stjórnun hennar, aðbúnaðar á vinnustað og fleiri atriða könnuð. Slík könnun er gerð *árlega* (sjá samandregnar niðurstöður á bls. 19).


Mannauðsmarkmið Ríkisendurskoðunar	
ÖFLUG LIÐSHEILD	RÍKISENDURSKOÐUN STUÐLAR AÐ ÖFLUGU SAMSTARFI, GÓÐUM STARFSANDA OG AÐ STARFSFÓLK BERI VIRÐINGU HVERT FYRIR ÖÐRU. LEGGUR ÁHERSLU Á ÞVERFAGLEGT STARF OG UPPLÝSINGAMIÐLUN INNAN OG MILLI SVIÐA OG DEILDA.
FRUMKVÆÐI OG METNAÐUR	RÍKISENDURSKOÐUN LEITAST VIÐ AÐ LAÐA AÐ OG HALDA Í STARFSFÓLK SEM ER METNAÐARFULLT OG VANDVIRKT, METUR FRUMKVÆÐI STARFSMANNA MIKILS OG VILL AÐ PEIR ÞRÓIST Í STARFI. STARFSFÓLK SÝNIR SVEIGJANLEIKA Í STÖRFUM SÍNUM OG BREGST FLJÓTT OG VEL VIÐ AÐKALLANDI VERKEFNUM.
MARKVISS STARFSÞJÁLFUN	RÍKISENDURSKOÐUN SÉR TIL ÞESS AÐ NÝLIÐAR FÁI NAUÐSYNLEGA LEIÐSÖGN OG ÞJÁLFUN. ÞAÐ SAMA Á VIÐ ÞEGAR STARFSMAÐUR TEKUR VIÐ NÝJU VERKEFNI. STOFNUNIN TRYGGIR STARFSFÓLKI ENDURMENNTUN OG ÞJÁLFUN TIL AÐ EFLA SIG Í STARFI.
GOTT STARFSUMHVERFI	STOFNUNIN SÝNIR STARFSFÓLKI SVEIGJANLEIKA HVAD VARDAR VERKEFNI, VINNUTÍMA, ORLOFSTÖKU OG VINNU HEIMA VIÐ SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR. VEITIR STARFSFÓLKI GÓÐAN AÐBÚNAÐ OG ÞJÓNUSTU VIÐ HUG- OG TÆKJABÚNAÐ OG AÐGENGI AÐ VIÐEIGANDI UPPLÝSINGUM.

88% SVÖRUÐU KÖNNUNINNI


Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Ríkisendurskoðunar var gerð í árslok 2012. Af samtals 42 starfsmönnum svöruðu 37 könnuninni eða 88%. Um 54% svarenda kváðust annaðhvort frekar eða mjög sammála því að góður starfsandi ríkti innan stofnunarinnar, um 19% voru ósammála þeirri fullyrðingu en 27% sögðust hvorki sammála né ósammála henni. Ríkisendurskoðun stefnir að því að meira en 70% starfsmanna telji góðan starfsanda ríkja innan stofnunarinnar og ljóst er að það markmið (árangursviðmið) náðist ekki árið 2012. Stofnunin hefur þegar gripið til ráðstafana til að bæta starfsanda innan hennar en ýmsir þættir geta haft áhrif á hann, bæði innri og ytri þættir.




Tæplega 90% svarenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: „Samstarfið við mína nánustu samstarfsmenn er gott“. Enginn var ósammála fullyrðingunni en um 11% voru hvorki sammála né ósammála henni. Stofnunin stefnir að því að meira en 80% starfsmanna telji samstarf sitt við nánustu samstarfsmenn vera gott og ljóst er að það árangursviðmið hefur náðst.




Um 78% svarenda voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: „Samskipti mín og yfirmanna eru góð“. Um 8% voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni en um 11% hvorki sammála né ósammála henni. Stofnunin stefnir að því að meira en 80% starfsmanna telji samskipti við yfirmenn vera góð og ljóst er að örlítið vantar upp á að það árangursviðmið hafi náðst.




Starfsmenn voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: „Upplýsingamiðlun innan Ríkisendurskoðunar er í góðu lagi“. Um 78% svarenda kváðust mjög eða frekar sammála henni, 16% kváðust mjög eða frekar ósammála henni en 14% kváðust hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Ríkisendurskoðun stefnir að því að yfir 70% starfsmanna telji upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar vera í góðu lagi og ljóst er að það árangursviðmið hefur náðst.




Allir svarendur nema tveir (95%) voru mjög eða frekar sammála því að Ríkisendurskoðun sýndi þeim sveigjanleika í starfi, t.d. hvað varðar verkefni, vinnutíma, orlofstöku og vinnu heima við sérstakar aðstæður. Stofnunin stefnir að því að meira en 70% starfsmanna telji hana sýna þeim sveigjanleika í starfi og ljóst er að þetta markmið (árangursviðmið) hefur náðst.




Um þriðjungur (32%) svarenda var sammála fullyrðingunni: „Ríkisendurskoðun veitir mér góða þjónustu við hug- og tæknibúnað“ en tæplega helmingur (46%) var ósammála henni. Um fimmtungur (19%) var hvorki sammála né ósammála. Stofnunin stefnir að því að a.m.k. 70% starfsmanna telji hana veita þeim góða þjónustu við hug- og tæknibúnað og ljóst er að töluvert vantar upp á að það árangursviðmið hafi náðst.




Allir svarendur nema tveir (95%) kváðust árlega geta ráðstafað hluta af vinnutíma sínum í sí- og endurmenntun. Stofnunin stefnir að því að yfir 90% starfsmanna telji sig árlega geta ráðstafað hluta af vinnutíma sínum í endurmenntun og ljóst er að það árangursviðmið hefur náðst.




Þrátt fyrir þetta leiddi könnunin í ljós að minna en tveir af hverjum þremur svarendum (62%) höfðu raunverulega varið tíma í endurmenntun síðustu 12 mánuði áður en könnunin var gerð. Um 38% svarenda höfðu ekki gert það. Ríkisendurskoðun stefnir að því að meira en 80% starfsmanna verji árlega tíma í endurmenntun. Ljóst er að það árangursviðmið náðist ekki árið 2012.




Um 76% svarenda töldu að þekking þeirra og hæfileikar væru vel nýtt í starfi. Um 13% töldu svo ekki vera og um 11% töldu þekkingu þeirra og hæfileika hvorki vel né illa nýtt í starfi. Ríkisendurskoðun stefnir að því að meira en 70% starfsmanna telji þekkingu sína og hæfileika vel nýtt í starfi og ljóst er að það árangursviðmið hefur náðst.




Um 76% svarenda töldu að frammistaða þeirra væri metin að verðleikum af yfirmönnum, 13% töldu að svo væri ekki og 11% svöruðu „hvorki/né“. Ríkisendurskoðun stefnir að því að yfir 70% starfsmanna telji frammistöðu sína metna að verðleikum af yfirmönnum og ljóst er að það árangursviðmið hefur náðst.



Tæplega 90% svarenda voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: „Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi“. Um 8% voru ósammála og 3% hvorki sammála né ósammála henni. Stofnunin stefnir að því að yfir 90% starfsmanna viti til hvers er ætlast af þeim í starfi. Ljóst er að mjög lítið vantaði upp á að það árangursviðmið næðist.



Um 70% svarenda stefna að því að vinna hjá stofnuninni a.m.k. næstu tvö árin en um 16% stefna ekki að því. Hér er árangursviðmið stofnunarinnar 70% og ljóst er að það hefur náðst.



Eftirfarandi tafla sýnir á samandreginn hátt árangur Ríkisendurskoðunar á sviði mannauðsmála fyrir árið 2012. Grænn litur táknar að mæling var yfir árangursviðmiði stofnunarinnar, þ.e. því gildi á viðkomandi mælikvarða sem stofnunin vill að lágmarki ná. Gulur litur táknar að mæling var ekki langt frá viðmiðinu en rauður litur táknar að mæling var langt frá því. Til að stofnunin teljist hafa náð árangursmarkmiði að fullu verður meira en helmingur mælikvarða þess að vera grænn. Svo sem sjá má náði stofnunin engu af fjórum mannauðsmarkmiðum sínum að fullu en var þó nálægt því að ná tveimur þeirra: „öflug líðsheild“ og „frumkvæði og metnaður“. Töluvert vantaði hins vegar upp á að stofnunin næði markmiði sínu um gott starfsumhverfi og hún var langt frá því að ná markmiði sínu um markvissa starfsþjálfun. Ljóst er að grípa þarf til aðgerða til að bæta stöðuna. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að niðurskurður framlaga til stofnunarinnar undanfarin ár hefur m.a. komið niður á skipulegri endurmenntun starfsmanna og fleiri þáttum starfseminnar.


**NÁLÆGT ÞVÍ AÐ NÁ
TVEIMUR MARK-
MIÐUM AF FJÓRUM**

Árangur Ríkisendurskoðunar á sviði mannauðsmála 2012	
LYKILMARKMIÐ	MÆLIKVARÐAR
ÖFLUG LIÐSHEILD	STARFSANDI
	SAMSKIPTI VIÐ YFIRMENN
	SAMSTARF VIÐ HELSTU SAMSTARFSMENN INNRI UPPLÝSINGAMIÐLUN
FRUMKVÆÐI OG METNAÐUR	VILJA VINNA HJÁ RE NÆSTU TVÖ ÁRIN
	VITA TIL HVERS ER ÆTLAST AF ÞEIM FRAMMISTADA METIN AÐ VERÐLEIKUM
	NÝTING ÞEKkingAR OG HÆFILEIKA
MARKVISS STARFSÞJÁLFUN	GETA VARIÐ TÍMA Í ENDURMENNTUN
	ENDURMENNTUN NÆSTLIÐNA 12 MÁN.
GOTT STARFSUMHVERFI	ÞJÓNUSTA Á SVIÐI TÆKNI- OG HUGBÚNAÐAR
	RE SÝNIR STARFSMÖNNUM SVEIGJANLEIKA

INNRA SKIPULAG

Núverandi skipurit Ríkisendurskoðunar tók gildi hinn 1. apríl 2013 en skipuritið var lítillega frábrugðið árið 2012. Hér er fjallað um nógildandi skipurit stofnunarinnar. Fagsviðin eru tvö: endurskoðunarsvið og stjórnslusvið. Hið fyrrnefnda sinnir fjárhagsendurskoðun og skyldum verkefnum samkvæmt 8. gr. laga um Ríkisendurskoðun en hið síðarnefnda annast stjórnsluendurskoðun og skyld verkefni samkvæmt 9. gr. laganna. Að auki sinna tvö stoðsvið margvíslegri miðlægri starfsemi og þjónustu við fagsviðin: rekstrar- og tölvustoð og lögfræði- og skjalastoð. Þá sinnir skrifstofa ríkisendurskoðanda ýmsum verkefnum sem lúta að eftirliti með stjórnslunni, eftirliti með framkvæmd fjárlaga, almannatengslum og alþjóðlegum samskiptum. Fimm starfsmenn sitja í fagráði sem fjallar um ýmis málafni er varða faglega þróun starfseminnar.

Yfir hvoru fagsviðanna er sviðsstjóri og undir þeim eru deildarstjórar, fjórir á endurskoðunarsviði og tveir á stjórnslusviði, sem stýra vinnu sérfræðinga. Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs er Ingi K. Magnússon en sviðsstjóri stjórnslusviðs er Kristín Kalmansdóttir. Yfirlögfræðingur og staðgengill ríkisendurskoðanda er Lárus Ögmundsson, rekstrarstjóri er Eyþór Borgþórsson og skrifstofustjóri á skrifstofu ríkisendurskoðanda er Jón Loftur Björnsson.



FJÁRHAGSENDURSKOÐUN

Fjárhagsendurskoðun er umfangsmesta verkefni Ríkisendurskoðunar. Árið 2012 var samtals rúmlega 34 þúsund vinnustundum varið til fjárhagsendurskoðunar eða tæplega helmingi virkra vinnustunda hjá stofnuninni. Í árslok voru starfsmenn endurskoðunarsviðs samtals 20 í 19 stöðugildum og fækkaði um þrjá á árinu.

TÆPLEGA
HELMINGUR
STARFSEMINNAR

Ríkisendurskoðun endurskoðar árlega ríkisreikning og reikninga ráðuneyta, stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði. Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun skal fjárhagsendurskoðun miða að því að:

- Reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
- Kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
- Kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Við endurskoðunina er höfð hliðsjón af lögum um Ríkisendurskoðun, lögum um endurskoðendur, stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) þar sem það á við.

Árlega sendir Ríkisendurskoðun Alþingi og birtir opinbera skýrslu með samandregnu heildaryfirliti um fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar á viðkomandi ári, helstu niðurstöðum hennar og athugasemdum (*Endurskoðun ríkisreiknings*). [Skýrsla um fjárhagsendurskoðun vegna ársins 2011](#) kom út í nóvember 2012 (sjá bls. 25).

MAT Á ÞVÍ HVORT REIKNINGSSKIL GEFI GLÖGGA MYND

Fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu er mjög fjölbreytileg, allt frá endurskoðun einfaldra reikningsskila hjá litlum A-hluta stofnunum til endurskoðunar á flóknum reikningsskilum hlutafélaga. Framsetning fjárlaga og reikningsskila vegna A-hluta ríkissjóðs er tiltölulega einföld og lítið um svokallaðar reikningsskilalegar flækjur sem skýrist m.a. af því að fjárfestingar og eignakaup er gjaldfærð, lífeyrisskuldbindingar eru ekki færðar í reikningsskilum einstakra stofnana og áfallið orlof ekki reiknað. Þetta þýðir þó ekki að endurskoðun sé einfaldari hjá stofnunum A-hluta en hjá aðilum utan

FJÖLBREYTILEG
VERKEFNI

hans. Margar A-hluta stofnanir eru stórar og flóknar sem kallar á umfangsmiklar endurskoðunaraðgerðir og vönduð vinnubrögð.

Um þessar mundir fer fram endurskoðun á lögum um fjárreiður ríkisins, sem eru að stofni til frá árinu 1997, og verða drög að frumvarpi lögð fram til kynningar á næstu vikum. Þar er m.a. gert ráð fyrir að teknir verði upp alþjóðlegir reikningsskilastaðlar hjá ríkinu, *International Public Sector Accounting Standards* (IPSAS). Þessir staðlar gera meiri kröfur til reikningsskila opinberra aðila en nú eru gerðar. Innleiðing þeirra mun hafa veruleg áhrif á framkvæmd fjárhagsendurskoðunar. Ætla má að í kjölfar hennar muni að jafnaði fara meiri tími í endurskoðun hjá einstökum stofnunum og ríkissjóði í heild sinni en til þessa.

SKÝRSLA UM SÉRTEKJUR STOFNANA Í A-HLUTA RÍKISSJÓÐS

Í október 2012 birti Ríkisendurskoðun skýrslu um sértekjur ríkisstofnana en það eru tekjur sem þær hafa af sölu á vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum. Fjallað var um sértekjur stofnana í svokölluðum A-hluta ríkissjóðs (ráðuneyti og stofnanir sem heyra beint undir þau) og var aðallega litið til tímabilsins 2007–2011.

Fram kom að sértekjur A-hluta stofnana væru yfirleitt vanáætlaðar í fjárlögum. Þannig hafi munur á áætluðum og rauverulegum sértekjum þessara stofnana verið á bilinu 20–40% á tímabilinu 2007–2010. Ríkisendurskoðun taldi að fjármála- og efnahagsráðuneytið þyrfti að beita sér fyrir því að áætlanagerðin yrði bætt. Eftir að drög að skýrslunni voru send ráðuneytinu til umsagnar voru gerðar ráðstafanir sem miðuðu að því að bæta áætlanir sértekna vegna ársins 2013.

Bent var á að meginhluti sértekna A-hlutastofnana væri vegna viðskipta milli aðila innan ríkiskerfisins. Þannig hefðu t.d. um 11% sértekna árið 2011 myndast hjá stofnun sem nær eingöngu hefði

slíkar tekjur af viðskiptum við aðrar stofnanir. Um 15% sértekna þetta ár skýrðist af greiðslum stofnana til annarra stofnana vegna sameiginlegs kostnaðar. Fram kom að útlagður kostnaður og endurgreiðslur vegna innbyrðis viðskipta stofnana væru færð sem gjöld og tekjur í bókhaldi ríkisins. Að mati Ríkisendurskoðunar væri með þessu móti verið að „þenja út“ rekstrarreikninga viðkomandi stofnana að ástæðulausu. Ríkisendurskoðun taldi að það gæfi skýrari mynd af rekstri A-hlutans að slík viðskipti væru færð gegnum viðskiptareikning og að hver stofnun gjaldfærði aðeins sinn hluta í kostnaðinum.

Enn fremur var á það bent að ekki væri hægt að sjá í bókhaldi ríkisins hve stór hluti sértekna væri vegna innbyrðis viðskipta milli stofnana. Þá væru sértekjur ekki aðgreindar eftir uppruna í upplýsingakerfi því sem heldur utan um gerð og framkvæmd fjárlaga (fjárlagakerfinu). Af þeim sökum væri erfitt að bera saman rauntölur og áætlanir fjárlaga og greina orsakir fráviks. Fram kom að bæta þyrfti úr báðum þessum annmörkum.

MAT Á INNRA EFTIRLITI OG FYLGNI VIÐ LÖG OG REGLUR

Sem fyrr greinir felur fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu m.a. í sér að kanna innra eftirlit ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins. Með innra eftirliti er átt við ýmsar ráðstafanir og aðgerðir sem eiga að stuðla að árangursríkum og hagkvæmum rekstri, vernda eignir, verðmæti og viðkvæm gögn, veita áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur. Innra eftirlit tekur jafnan mið af

greiningu og mati stofnana og fyrirtækja á hugsanlegri rekstraráhættu og birtist m.a. í ýmiss konar verklagsreglum, t.d. um aðgreiningu starfa, samþykkt útgjalda og skráningu viðskipta, en einnig í siðareglum og starfsmannastefnu.

Að mati Ríkisendurskoðunar er innra eftirlit hjá stofnunum ríkisins almennt í góðu horfi. Hins vegar hefur það ekki verið skjalfest hjá öllum stofnunum þannig að til sé yfirlit um allar þær eftirlitsaðgerðir sem notaðar eru til að fylgjast með rekstri og efnahag.

Fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu felur einnig í sér að athuga hvort reikningsskil og fjárráðstafanir eru í samræmi við lög og reglur. Þessar athuganir hafa verið nefndar „fylgniendurskoðun“ sem er þýðing á enska hugtakinu *compliance audit*. Í þessu felst m.a. að kanna fylgni stofnana og fyrirtækja ríkisins við lög, reglugerðir, siðareglur, stefnur, góða stjórnarhætti og aðrar samþykktar venjur.

„FYLGNIENDURSKOÐUN“

LIÐIR OG AÐILAR SEM ENDURSKOÐAÐIR VORU ÁRIÐ 2012

Ríkisreikningur samanstendur af um 450 fjárlagaliðum í A-hluta ríkissjóðs auk upplýsinga um reikningsskil ríkisaðila í B–E-hluta. Umfangsins vegna hefur Ríkisendurskoðun ekki tók á að endurskoða alla þessa liði og aðila fyrir útkomu ríkisreiknings sem undanfarin ár hefur verið í júlímánuði. Því þarf stofnunin að velja úr. Árið 2012 endurskoðuðu Ríkisendurskoðun og endurskoðunarfélög sem starfa á hennar vegum samtals 251 reikningsliði og aðila (þ.e. vegna ársins 2011). Val á liðum og aðilum til endurskoðunar byggist á sérstöku áhættumati (sjá nánar á bls. 40–42).

Að jafnaði er lögð áhersla á að endurskoða umfangsmestu liðina enda hafa þeir meiri þýðingu en smærri liðir um það hvort ríkisreikningur verði talinn gefa glögga mynd af rekstri og efnahag ríkissjóðs í heild. Hins vegar er fjárhagslegt umfang margra liða fremur lítið. Þannig eru um 270 liðir með minna en 500 m.kr. útgjöld hver. Samanlögð útgjöld þessara liða nema einungis um 10% af heildargjöldum ríkissjóðs. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2010 kom fram sú skoðun stofnunarinnar að full ástæða væri til að fækka fjárlagaliðum og mynda stærra fjárhagslegar einingar. Með því mætti gera fjármálastjórnina skilvirkari og einfalda eftirlit með rekstri ríkisins.

ÁHERSLA LÖGÐ Á AÐ
ENDURSKOÐA
UMFANGSMESTU
LIÐINA

Þá reynir Ríkisendurskoðun að tryggja að allir fjárlagaliðir séu endurskoðaðir eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Vegna þeirra takmörkuðu fjármuna og mannafla sem stofnunin hefur yfir að ráða, sem og þeirrar áherslu sem lögð er á að endurskoða stóru liðina, getur svo farið að meira en þrjú ár líði milli þess sem sumir af smærri liðunum eru endurskoðaðir.

Samkvæmt lögum ber Ríkisendurskoðun eingöngu skylda til að endurskoða stofnanir í A-hluta sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs. Í árána rás hefur Ríkisendurskoðun annast endurskoðun eða greitt fyrir hana hjá mörgum stofnunum sem ekki falla undir fyrrnefnda skilgreiningu. Hér er aðallega um að ræða hjúkrunar- og dvalarheimili sem fá daggjöld úr ríkissjóði. Á árinu 2012 var þessum stofnunum tilkynnt að þær yrðu sjálfar að ráða sér endurskoðendur og bera kostnað af vinnu þeirra.

EINGÖNGU
STOFNANIR SEM
REKNAR ERU Á
ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS



ENDURSKOÐUN EFNAHAGS OG TEKNA

Í kjölfar bankahrunsins árið 2008 hefur efnahagsreikningur ríkisins orðið til muna flóknari en áður var. Bæði lántökur og lánveitingar hafa aukist mikið auk þess sem ríkissjóður hefur átt í flóknum fjármálaviðskiptum vegna endurreisnar bankakerfisins. Til að bregðast við þessu hefur Ríkisendurskoðun leitast við að verja meiri tíma en áður í endurskoðun efnahags. Hrúnið hefur einnig haft mikil áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs, t.a.m. hefur Alþingi samþykkt ýmsar aðgerðir til að auka tekjurnar. Í mörgum tilvikum er um að ræða margþættar og flóknar breytingar á lögum. Stofnunin hefur reynt að bregðast við þessu með því að verja meiri tíma en áður í að greina og endurskoða tekjur ríkisins.

INNLEIÐING ALPJÓÐLEGRA ENDURSKOÐUNARSTAÐLA (ISSAI)

Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana (INTOSAI) gefa út staðla um endurskoðun hjá hinu opinbera (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*). Aðildarstofnunum samtakanna er ekki skylt að fylgja þessum stöðlum nema lög kveði á um það. Hins vegar leitast þær allar við að uppfylla kröfur staðlanna enda eru þeir byggðir á bestu þekkingu og reynslu á sviði opinberrar endurskoðunar. Árið 2010 gáfu INTOSAI út nýja og mun ítarlegri staðla um fjárhagsendurskoðun en þá sem samtökin höfðu áður gefið út. Þeir fela í raun í sér aðlögun staðla Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) að opinbera geiranum. Með setningu nýrra laga um endurskoðendur árið 2008 var þeim gert að fylgja síðarnefndu stöðlunum í störfum sínum.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að fylgja í hvívetna alþjóðlegum stöðlum sem snerta starfsemi hennar. Á árinu 2011 hófst innleiðing ISSAI-staðlanna hjá stofnuninni sem felst m.a. í að þjálfa starfsmenn í að beita þeim. Tilteknir staðlar hafa verið teknir til umfjöllunar innan endurskoðunarsviðs í hverjum mánuði, þeir krufnir til mergjar og rætt um hvernig þeim skuli beitt. Stefnt er að því að ljúka innleiðingu staðlanna eftir að alþjóðlegri jafningjaúttekt á sviðinu lýkur en áætlað er að það verði í árslok 2013. Nánar er fjallað um innleiðingu ISSAI-staðlanna á bls. 43–45 í þessari skýrslu.

ÚTTEKTIR Á UPPLÝSINGAKERFUM

Liður í fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu er að ganga úr skugga um hvort rafræn upplýsingakerfi stofnana og fyrirtækja séu örugg og skili þeim árangri sem vænst er. Við þessa vinnu er m.a. höfð hliðsjón af lögum um Ríkisendurskoðun, stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Niðurstöður úttekta á upplýsingakerfum eru settar fram í skýrslum sem oftast nær eru eingöngu sendar þeim stofnunum sem þær lúta að og viðkomandi fagráðuneyti þar sem þær greina iðulega frá viðkvæmum öryggismálum.

Mikilvægt er að eftirlit með upplýsingakerfum ríkisins sé virkt og öflugt enda fara gríðarlegir fjármunir gegnum þessi kerfi, t.d. lífeyrisgreiðslur, launagreiðslur og ýmsar bætur. Villur í kerfunum geta kostað ríkissjóðs umtalsverðar fjárhæðir. Eigendur kerfanna þurfa að láta fara fram reglulegar úttektir á öryggi og innri eftirlitsaðgerðum sem í gildi eru. Slíkar úttektir leysa þó ekki eigendur kerfanna undan þeirri ábyrgð að

láta fara fram reglulegar úttektir á öryggi og innri eftirlitsaðgerðum sem í gildi eru hverju sinni.

SKÝRSLA UM ENDURSKOÐUN RÍKISREIKNINGS 2011

Í nóvember 2012 birti Ríkisendurskoðun skýrsluna *Endurskoðun ríkisreiknings 2011*. Þar kom m.a. fram að með áritun sinni á reikninginn hafi ríkisendurskoðandi staðfest að hann gæfi glögga mynd af afkomu ríkissjóðs, stofnana, fyrirtækja og sjóða í A–E-hluta ríkissjóðs. Einnig að reikningurinn gæfi glögga mynd af efnahag í árslok og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Áritunin var án fyrirvara en í henni var ábending um skuldbindingar ríkissjóðs sem getið er í skýringu og séryfirliti með reikningnum en eru ekki færðar í efnahag. Hér er m.a. um að ræða ríkisábyrgðir, skuldbindingar vegna innstæðna í fjármálafyrirtækjum, vegna Icesave-málsins svokallaða og A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR).

Almennt gildir að endurskoðun þarf að vera nægilega umfangsmikil til að endurskoðandinn geti sannreynt hvort reikningar gefi glögga mynd af rekstri og efnahag. Ríkisendurskoðun er falið og hefur ekki tök á að endurskoða alla fjárlagaliði á hverju ári. Stofnunin verður því árlega að velja úr liði til endurskoðunar. Valið byggist m.a. á mati á ætluðu mikilvægi þeirra fyrir niðurstöðu reiknings-

skilanna í heild en í því sambandi hafa útgjalda-frekustu liðirnir eðlilega mesta þýðingu. Í skýrslunni kom fram að endurskoðun ríkisreiknings 2011 hafi náð til samtals 171 fjárlagaliðar í A-hluta og námu útgjöld þeirra tæplega 80% af heildarútgjöldum ríkisins á árinu. Þá hafi öll reikningsskil aðila í B–E-hluta ríkissjóðs verið endurskoðuð. Enn fremur hafi mikil áhersla verið lögð á endurskoðun efnahags- og tekjuliða ríkisreiknings.

Í skýrslunni benti Ríkisendurskoðun á nokkur atriði sem betur mættu fara í bókhaldi, reikningsskilum og fjármálastjórn ríkisins. Meðal annars var ítrekuð sú skoðun stofnunarinnar að reikningsskilareglur sem ríkisreikningur byggir á víki í veigamiklum atriðum frá almennt viðurkenndum reikningsskilareglum. Að mati Ríkisendurskoðunar væru sum þessara frávika ónauðsynleg og óæskileg. Þá benti stofnunin á að bregðast þyrfti við tryggingafræðilegri stöðu A-deildar LSR með hækkun iðgjalda launagreiðenda enda væru áfallnar skuldbindingar rúmum 10 milljörðum króna umfram eignir. Enn fremur taldi Ríkisendurskoðun að gera þyrfti betri grein fyrir áhrifum lagabreytinga á tekjur ríkissjóðs í skýringum með ríkisreikningi en gert var.

STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN

„AÐ KANNA MEÐFERÐ OG NÝTINGU RÍKISFJÁR“

Samkvæmt 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun felst stjórnsluendurskoðun í því að

kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi.

Í lögnum segir jafnframt að stofnunin skuli gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum stjórnsluendurskoðunar, vekja athygli þeirra á því sem hún telur að úrskaiðis hafi farið í rekstri og benda þeim á þau atriði sem hún telur að athuga þurfi með tilliti til úrbóta. Stjórnsluúttektir eru í raun athuganir á því hve vel ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins gengur að leysa þau verkefni sem þeim eru falin. Við þessa vinnu tekur Ríkisendurskoðun mið af lögum um stofnunina, lögskýringargögnum (einkum greinargerðum með frumvörpum til laga um stofnunina) og stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

TÆPLEGA FJÓRÐUNGUR STARFSEMINNAR

Árið 2012 var rétt tæplega fjórðungi (24%) af heildarfjölda virkra vinnustunda hjá Ríkisendurskoðun varið til stjórnsluendurskoðunar. Það er svipað hlutfall og árið á undan. Í árslok voru starfsmenn stjórnslusviðs samtals 10, þ.e. tæplega fjórðungur starfsmanna, sem er sami fjöldi og í árslok 2011.

Á síðasta ári unnu fimm erlendir sérfræðingar úttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við stjórnsluendurskoðun. Meginniðurstaða hennar var sú að vinnubrögðin væru í samræmi við staðla INTOSAI og að starfsemin einkenndist af skilvirkni, metnaði og umbótavilja (sjá nánar grein á bls. 37–39).

HAGSÝNI, SKILVIRKNI OG ÁRANGUR

Samkvæmt stöðlum INTOSAI um stjórnsluendurskoðun (ISSAI 300 og 3000) miðar hún einkum að því að meta hagsýni, skilvirkni og árangur í opinberum rekstri og leggja til leiðir til að bæta þessa þætti. Þessi skilgreining á inntaki stjórnsluendurskoðunar kemur einnig skýrt fram í greinargerð með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Greinargerðin felur í sér ítarlegri skilgreiningu á inntaki stjórnsluendurskoðunar en fram kemur í 9. gr. laganna.

AFGREIDD ERINDI, VEITTAR MEÐFERÐIR EÐA ÚTSKRIFAÐIR NEMENDUR

Hugtakið *hagsýni* vísar til þess hve vel tekst að halda niðri kostnaði við „aðföng“ sem í opinberum rekstri geta t.d. verið vinnuafli, húsnæði og ýmis búnaður. *Skilvirkni* vísar til þess hve vel slík aðföng eru nýtt til að framleiða „afurðir“ sem í opinberum rekstri geta t.d. verið afgreidd erindi, veittar meðferðir á sjúkrastofnun eða útskrifaðir nemendur. Loks vísar hugtakið *árangur* í þessu sambandi til þess hvort þau markmið

nást sem að er stefnt. Tekið skal fram að yfirlitt er ekki horft á mál út frá öllum þessum þremur sjónarhornum í hverri stjórnsýsluúttekt.

SKÝRSLUR UM SAMNINGAMÁL RÁÐUNEYTA

Árið 2012 birti Ríkisendurskoðun samtals sex skýrslur um umsýslu og eftirlit ráðuneyta með skuldbindandi samningum sem þau hafa gert við ýmsa aðila utan ríkisins. Árið áður hafði stofnunin birt tvær slíkar skýrslur. Um er að ræða samninga sem fela í sér að einkaaðilar, félagasamtök eða sveitarfélög taka að sér tiltekin verkefni, m.a. þjónustu á sviði velferðar- eða menntamála, gegn greiðslum úr ríkissjóði. Úttekt Ríkisendurskoðunar beindist að samningum sem taldir eru upp í frumvarpi til fjárlaga á hverju ári og þar skilgreindir sem „skuldbindandi“. Alls voru 179 slíkir samningar virkir árið 2011, þ.e. greitt var samkvæmt þeim. Áætlaður kostnaður við þá var samtals tæplega 40 milljarðar króna á því ári. Um 82% kostnaðarins var vegna samninga þriggja ráðuneyta: sjávarútvegs- og landbúnaðar-, velferðar- og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Fyrsta skýrsla Ríkisendurskoðunar um samningamál ráðuneytanna var birt í desember 2011 en sú síðasta í byrjun mars 2012. Í skýrslunum var bent á ýmislegt sem betur mætti fara hvað varðar

umsýslu ráðuneytanna og eftirlit með skuldbindandi samningum. Flestar ábendingar voru í skýrslum um samningamál mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis en fæstar í skýrslum um samningamál umhverfisráðuneytis og forsætisráðuneytis. Eftirfarandi eru algengustu ábendingar skýrslanna. Viðbrögð ráðuneytanna við þeim hafa almennt verið jákvæð og vinna mörg þeirra nú þegar að því að bæta skuldbindandi samninga sína og framkvæmd þeirra:

- Tengja þarf greiðslur við markmið, frammi-stöðu eða framvindu
- Tryggja þarf að eftirlit sé í samræmi við ákvæði samninga
- Samræma þarf ákvæði samninga
- Gera á úttektir á samningum undir lok samningstíma
- Ljúka þarf gerð verklagsreglna vegna samningamála / skjalfesta þarf reglurnar
- Móta þarf reglur um úttektir og endurskoðun á samningstíma

BEIÐNIR OG FRUMKVÆÐISÚTTEKTIR

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun getur stofnunin gert stjórnsýsluendurskoðun hjá öllum þeim aðilum sem fjármagna starfsemi sína með ríkisfé, ríkið á að hálfu eða meira eða njóta framlaga úr ríkissjóði vegna þjónustu sem þeir veita. Flestar úttektir eru unnar að frumkvæði stofnunarinnar sjálfar út frá greiningu á annars vegar fjárhagslegu eða samfélagslegu mikilvægi og hins vegar áhættu í rekstri og starfsumhverfi. Hluti úttekta er þó ávallt unninn að beiðni Alþingis eða ráðneyta. Í öllum tilvikum afmarkar Ríkisendurskoðun sjálf efnið, ákveður aðferð, áherslur og framsetningu niðurstaðna. Nær allar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar sem lokið var árið 2012 voru frumkvæðisúttektir.

VINNUFERLI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA

Alla jafna skiptir Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttektum sínum í þrjá meginhluta: forkönnun, aðalúttekt og eftirfylgni. Í forkönnun skal leitast við að meta möguleika og réttmæti þess að hefja stjórnsýsluúttekt. Leiði forkönnun í ljós að aðalúttekt er

**FLESTAR ÚTTEKTIR
UNNAR AÐ
FRUMKVÆÐI
STOFNUNARINNAR**

**FORKÖNNUN,
AÐALÚTTEKT OG
EFTIRFYLGNI**



ótímabær eða að væntanlegur ávinningur hennar verði minni en kostnaður er ekki ráðist í aðalúttekt. Leiði forkönnun í ljós umtalsverðan ávinning af aðalúttekt er samin úttektaráætlun þar sem settar eru fram þær spurningar sem aðalúttekt er ætlað að svara, viðfangsefnið afmarkað, aðferðir skilgreindar og tiltekinn sá tími og mannskapur sem nauðsynlegur er til að vinna úttektina. Í aðalúttekt er safnað saman öllum fáanlegum gögnum sem máli skipta til að svara spurningum úttektar, þau greind, metin og túlkuð á hlutlægan og faglegan hátt. Því næst eru niðurstöður mótaðar og eftir atvikum ábendingar um leiðir til úrbóta. Eftir að skýrsludrög hafa verið rýnd innanhúss eru þau send hlutaðeigandi aðilum til umsagnar. Endanleg skýrsla er síðar gerð opinber og send þeim aðilum sem í hlut eiga. Einu til þremur árum síðar eru viðbrögð stofnana, ráðuneyta eða Alþingis við ábendingum Ríkisendurskoðunar könnuð með svokallaðri eftirfylgniúttekt. Niðurstöður þeirrar úttektar eru gerðar opinberar og sendar hlutaðeigandi aðilum. Slík úttekt getur leitt til nýrrar úttektar.

STARFSÁÆTLUN STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Stjórnsýslusvið starfar samkvæmt þriggja ára starfsáætlun sem endurskoðuð er árlega. Núverandi starfsáætlun gildir fyrir tímabilið 2013–2015. Hún byggist m.a. á mati á áhættu í starfsemi og rekstri ríkisins, þ.e. hvar hætta er talin á að starfsemin sé ekki eins hagkvæm, skilvirk og árangursrík og til er ætlast. Við vinnslu áætlunarinnar var einkum litið til þeirra breytinga sem orðið hafa í ríkisrekstrinum síðastliðin ár, áherslu stjórnvalda í ríkisfjármálum, fjárveitinga í fjárlögum, ríkisreiknings 2011, niðurstöðu starfsmannakönnunar SFR á árinu 2012 og greiningar á fjárhagsstöðu einstakra fjárlagaliða. Úttektir munu, líkt og síðustu ár, aðallega beinast að málaflokkum sem heyra undir stærstu og útgjaldafrækustu ráðuneytin: velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti. Lögð verður áhersla á að greina Alþingi frá niðurstöðum úttekta í áreiðanlegum, heildstæðum, hlutlægum, vel uppbyggðum og aðgengilegum skýrslum.

**SJÓNUM EINKUM
BEINT AÐ
ÚTGJALDAFREKUSTU
RÁÐUNEYTUNUM**

ÚTTEKTIR SEM LOKIÐ VAR ÁRIÐ 2012

Árið 2012 luku starfsmenn stjórnsýslusviðs við samtals 25 opinberar skýrslur sem er svipaður fjöldi og árið á undan.

- Atvinnutengd starfsendurhæfing
- Dvalarheimili aldraðra: Rekstur og starfsemi
- Þjónustusamningur ríkisins við Farice ehf.
- Bílanefnd ríkisins
- Eftirlit með skuldum og fjármagnskostnaði ríkisstofnana
- Orri – fjárhaq- og mannauðskerfi ríkisins. Undirbúningur og innleiðing
- Skýrsla um eftirfylgni: Eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar (2009)
- Skýrsla um eftirfylgni: Heilbrigðisstofnun Austurlands (2009)
- Skýrsla um eftirfylgni: Íslensk muna- og minjasöfn (2009)
- Landhelgisgæsla Íslands: Verkefni erlendis
- Rekstur og fjárhagsstaða Ábyrgðasióðs launa
- Frumgreinanám íslenskra skóla

- Skýrsla um eftirfylgni: Lyfjastofnun (2009)
- Skýrsla um eftirfylgni: Útflutningsaðstoð og landkynning (2009)
- Rannsóknarframlög til háskóla
- Fóðursjóður. Tilqanur og ávinnur
- Fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands
- Skuldbindandi samningar – 8. Utanríkisráðuneyti
- Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila 2008–2010
- Skuldbindandi samningar – 7. Umhverfissráðuneyti
- Skuldbindandi samningar – 6. Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Skuldbindandi samningar – 5. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
- Náttúruminjasafn Íslands
- Skuldbindandi samningar – 4. Forsætisráðuneyti
- Skuldbindandi samningar – 3. Innanríkisráðuneyti

TVÆR SKÝRSLUR UM ÖLDRUNARÞJÓNUSTU

Árið 2012 birti Ríkisendurskoðun tvær skýrslur um málefni tengd öldrunarþjónustu. Skýrsla um rekstur hjúkrunarheimila var birt í febrúar. Þar var einkum fjallað um 34 hjúkrunarheimili af samtals 43 sem starfrækt voru í landinu árið 2010. Fram kom að opinber framlög til þessara heimila hefðu dregist saman að raungildi á árunum 2008–10. Þrátt fyrir þetta hefði þeim almennt tekist betur að laga rekstur sinn að tekjum í lok tímabilsins en við upphaf þess. Þá kom fram að framboð hjúkrunarrýma á landsvísu hefði nánast staðið í stað milli árana 2008 og 2010. Á sama tíma hefði ellilífeyrisþegum fjölgað og meðalaldur þeirra hækkað. Engu að síður hefðu fleiri aldraðir fengið hjúkrunarrými árið 2010 en árið 2008 og biðlistar styst. Tölur sem Ríkisendurskoðun kannaði þóttu ekki benda til þess að álag á starfsmenn heimilanna hefði aukist á tímabilinu né að dregið hefði verið úr þjónustu við íbúa.

Skýrsla um rekstur dvalarheimila var birt í nóvember. Fram kom að á síðustu sex árum hefði rýmum á dvalarheimilum (dvalarrýmum) fækkað um nálega helming. Á sama tíma hefði öldruðum hér á landi (67 ára og eldri) fjölgað um 10%. Markmið stjórnvalda væri að þessi hópur gæti með viðeigandi stuðningi búið við eðlilegt heimilislíf sem lengst. Lögð hefði verið áhersla á uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir þá sem ekki gætu búið heima en markmiðið væri að fækka dvalarrýmum. Á undanförunum árum hefði eftirspurn eftir slíkum rýmum almennt dregist saman sem benti til þess að stefna stjórnvalda hafi að einhverju leyti gengið fram. Ríkisendurskoðun taldi að stjórnvöld þyrftu að móta skýra stefnu um framtíð dvalarheimila. Meðal annars þyrfti að ákveða hvort fækka ætti dvalarrýmum frekar en orðið væri og þá með hvaða hætti.

EFTIRFYLGNI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA

Ein þeirra aðferða sem Ríkisendurskoðun beitir til að meta árangur stjórnsýsluendurskoðunar er að kanna viðbrögð stjórnvalda og stofnana við ábendingum sem fram koma í skýrslum hennar. Slík eftirfylgni fer að jafnaði fram u.þ.b. þremur árum eftir að skýrsla er gefin út en þó getur liðið ýmist lengri eða skemmri tími frá útgáfu til eftirfylgni. Árangur er metinn út frá því hvort telja megi að ábendingar hafi verið framkvæmdar að fullu eða hluta. Með þessu móti er reynt að nálgast vísbendingar um „gæði“ ábendinganna. Almennt gildir að því raunhæfari og betur ígrunduð sem ábending er, þeim mun meiri líkur eru á því að hún komist til framkvæmda. Rétt er þó

**GEFUR VÍSBENDINGAR
UM GÆÐI ÁBENDINGA**

að hafa hugfast að Ríkisendurskoðun ræður ekki viðbrögðum stjórnvalda við ábendingum sínum. Stofnunin getur aðeins stuðlað að því að þær verði teknar til greina með því að rökstyðja þær vandlega og miðla þeim með skýrum hætti til Alþingis, stjórnvalda og annarra aðila sem geta haft áhrif í þessu sambandi, t.d. fjölmiðla.

Árið 2012 fylgdi Ríkisendurskoðun eftir fimm skýrslum frá árinu 2009 en samtals voru settar fram 50 meginábendingar í þeim. Þar af taldi stofnunin að 34 hefðu verið framkvæmdar að fullu eða hluta. Fallið var frá þremur ábendingum þar sem Alþingi hafði eftir útgáfu viðkomandi skýrslna breytt lögum sem olli því að þær áttu ekki lengur við. Stofnunin ítrekaði hins vegar 13 ábendingar sem ekki höfðu verið framkvæmdar. Í eftirfarandi töflu má sjá samandregið yfirlit um niðurstöður eftirfylgni stjórnsýsluúttekta undanfarin ár. Árangur ársins 2012 er fundinn út með því að deila fjölda framkvæmdra ábendinga í heildarfjölda ábendinga að undanskildum þeim þremur ábendingum sem fallið var frá (34/47=0,723). Þær eru ekki taldar með þar sem þær urðu ógildar vegna ákvarðana sem ekki voru fyrirséðar þegar þær voru settar fram. Það að fallið hafi verið frá þessum ábendingum segir því ekkert um gæði þeirra og þar með þykir ekki rétt að telja þær með ábendingum sem ekki náðu fram að ganga. Til samanburðar má nefna að árið 2010 var ákveðið að falla frá einni ábendingu í skýrslu frá árinu 2007 þar sem hún þótti ekki hafa verið nægilega vel ígrunduð. Við útreikning á árangri ársins var hún því talin með ábendingum sem ekki náðu fram að ganga.

13 ÁBENDINGAR ÍTREKAÐAR

Eftirfylgni stjórnsýsluúttekta 2008–2012						
Ár	Skýrslur	Megin- ábendingar	Framkvæmdar að fullu eða hl.	Árangur	Áb. sem fallið er frá	Ítrekaðar
2008	4 FRÁ 2005	42	38	90%		
2009	3 FRÁ 2006	29	22	76%		
2010	5 FRÁ 2007	45	32	71%	1	21
2011	12 FRÁ 2006–9	89	68	76%		24
2012	5 FRÁ 2009	50	34	72%	3	13
SAMTALS	29	249	189	76%	4	58

Ríkisendurskoðun stefnir að því að a.m.k. 80% samanlagðra ábendinga í stjórnsýsluúttektum hvers árs hafi komið til framkvæmda þegar þrjú ár eru liðin frá útgáfu þeirra. Miðað við töfluna vantar lítilliga upp á að þetta markmið hafi náðst síðustu þrjú ár. Engu að síður telur stofnunin að hún geti vel við unað. Stofnunin mun á næstunni leita leiða til að stuðla enn betur en hingað til að því að ábendingar stjórnsýsluúttekta komist til framkvæmda eða að stjórnvöld taki a.m.k. rökstudda afstöðu til þeirra.

ÖNNUR EFTIRLITSVERKEFNI OG VIÐFANGSEFNI

Árið 2012 var samtals um 6.600 vinnustundum varið til eftirlitsverkefna annarra en fjárhagsendurskoðunar eða stjórnsluendurskoðunar. Þetta jafngildir um 9% af heildarfjölda virkra vinnustunda á árinu og er lítillega hærra hlutfall en árið á undan. Hér er einkum um að ræða eftirlit með framkvæmd fjárlaga, eftirlit með fjármálum stjórnálagasamtaka og frambjóðenda og eftirlit með sjálfseignarstofnunum sem ekki stunda atvinnurekstur.

Um 13.600 vinnustundum var ráðstafað til yfirstjórnar og stoðþjónustu eða tæplega fimmtungi af heildarfjölda virkra vinnustunda á árinu. Hér er m.a. átt við störf ríkisendurskoðanda, almennan rekstur stofnunarinnar, mótuneyti, móttöku og tölvuþjónustu við starfsmenn. Einnig fellur hér undir lögfræðileg ráðgjöf við ríkisendurskoðanda og fagsvið stofnunarinnar, útgáfumál, almannatengsl og alþjóðleg samskipti.

Samtals voru starfsmenn sem sinntu stoðþjónustu og eftirlitsverkefnum öðrum en fjárhagsendurskoðun eða stjórnsluendurskoðun 11 í árslok 2012.

EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD FJÁRLAGA

Auk reglubundinnar fjárhagsendurskoðunar sinnir Ríkisendurskoðun sérstöku eftirliti með framkvæmd fjárlaga í samræmi við lög um stofnunina. Í þessu felst að fylgjast með því hvort stofnanir fara að ákvæðum fjárlaga, fjárreiðulaga og reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Árið 2012 birti Ríkisendurskoðun samtals þrjár skýrslur með niðurstöðum þessa eftirlits:

- [Skil, samþykkt og skráning rekstraráætlana](#)
- [Framkvæmd fjárlaga janúar til mars 2012](#)
- [Framkvæmd fjárlaga janúar–júní 2012](#)

TÍUNDI HLUTI
STARFSEMINNAR

FIMMTUNGUR
STARFSEMINNAR

SKÝRSLA UM FRAMKVÆMD FJÁRLAGA JANÚAR–JÚNÍ 2012

Í nóvember birti Ríkisendurskoðun skýrslu um framvæmd fjárlaga á fyrstu sex mánuðum ársins. Þar var m.a. lýst áhyggjum af stöðu stofnana og fjárlagaliða sem hafa átt erfitt með að láta enda ná saman í rekstri. Stofnunin taldi hættu á að rekstrarvandi nokkurra liða myndi aukast yrði ekki þegar brugðist við honum. Þar var m.a. um að ræða rannsóknarnefndir Alþingis, Sinfóníuhljóm-sveit Íslands, aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Umboðsmann skuldara. Ríkisendurskoðun hvatti til þess að tekin yrði afstaða til þess hvernig fara ætti með uppsafnaðan halla hjá Landbún-aðarháskóla Íslands, Lögreglustjóranum á Suður-nesjum, Landspítalanum, Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðisstofnun Austur-lands og á lið vegna Flugvalla og flugleiðsögu-

þjónustu. Ríkisendurskoðun hvatti stjórnvöld einnig til að bregðast við miklum afskriftum lána hjá Íbúðalánasjóði. Þá taldi Ríkisendurskoðun að bæta þurfi áætlanagerð vegna nokkurra fjárlaga-liða þar sem árleg fjárveiting byggðist á væntingum um fjölda þeirra sem rétt ættu á greiðslum úr ríkissjóði. Um er að ræða liði vegna máls-kostnaðar í opinberum málum, opinberrar réttar-aðstoðar, bóta til brotaþola og lífeyrisskuld-bindinga. Loks þarf að mati Ríkisendurskoðunar að huga að fjárveitingum til nokkurra liða þar sem rekstrarafgangur hefur safnast upp. Þetta eru Sérstakur saksóknari, safnliður vegna heilbrigðis-stofnana, Fjármálaeftirlitið, Mannvirkjastofnun og Ofanflóðasjóður.

EFTIRLIT MEÐ FJÁRREIÐUM STJÓRNMÁLASAMTAKA OG FRAMBJÓÐENDA

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda samkvæmt [lögum nr. 162/2006](#). Lögin skylda stjórnmalasamtök til að skila samstæðureikningi, þ.e. ársreikningi fyrir allar einingar sem undir þau falla, til Ríkisendurskoðunar sem í kjölfarið skal birta útdrátt úr honum. Þá skylda lögin frambjóðendur í persónukjöri til að skila stofnuninni uppgjöri um tekjur og kostnað vegna kosningabaráttu eigi síðar en þremur mánuði eftir að kjör fer fram. Fari heildarkostnaður frambjóðanda af kosningabaráttu ekki fram úr 400 þús.kr. nægir honum þó að skila skriflegri yfirlýsingu þar um. Ríkisendurskoðun skal síðan birta útdrátt úr slíkum uppgjörum. Reikningur stjórnmalasamtaka skal vera endurskoðaður og áritaður af endurskoðanda en uppgjör frambjóðanda skal vera áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Bæði stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er óheimilt, með ákveðnum undantekningum þó, að taka við hærra framlagi frá lögaðila eða einstaklingi en sem nemur 400 þús.kr. á ári. Í reikningi stjórnmalasamtaka og uppgjöri frambjóðanda skal tilgreina nöfn allra lögaðila sem veitt hafa framlög og gildir fjárhæðin þá einu. Einnig skal þar tilgreina nöfn einstaklinga sem hafa veitt framlög yfir 200 þús.kr.

Í lögunum er stjórnmalasamtökum gefinn frestur til 1. október ár hvert til að skila reikningum næstliðins árs til Ríkisendurskoðunar. Samtals 10 stjórnmalasamtök höfðu skilað reikningum ársins 2011 fyrir 1. október 2012 en þrenn samtök skiluðu eftir að fresturinn rann út. Ríkisendurskoðun birti útdrátt úr reikningunum á heimasíðu sinni eftir að þeir höfðu verið yfirfarnir.

UPPLÝSINGASKYLDA FLOKKA OG FRAMBJÓÐENDA

Frambjóðendum í kjöri til embættis forseta Íslands, sem fram fór hinn 30. júní 2012, bar að skila Ríkisendurskoðun upplýsingum um framlög og kostnað vegna kosningabaráttu sinnar fyrir 1. október. Sex af sjö frambjóðendum höfðu skilað þegar fresturinn rann út en þar af skilaði einn frambjóðandi óendurskoðuðu uppgjöri. Sjöundi frambjóðandinn skilaði skömmu síðar og sá frambjóðandi sem skilað hafði óendurskoðuðu uppgjöri skilaði endurskoðuðu uppgjöri í ársbyrjun 2013.

SKÝRSLA UM FYRIRGREIÐSLU RÍKISINS VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Í júní 2012 gaf Ríkisendurskoðun út skýrslu um fjárhagslega fyrirgreiðslu ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Skýrslan var unnin að beiðni forsætisnefndar, að frumkvæði Birkis Jóns Jónssonar alþingismanns. Fram kom að ríkið lagði nýju bönkunum (sem nú heita Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn) samtals til 138,2 ma.kr. hlutafé. Að auki veitti ríkið þeim víkjandi lán upp á samtals 57,3 ma.kr. Þá var bent á að við fall bankanna árið 2008 hafi Seðlabanki Íslands orðið fyrir verulegu tjóni vegna tapaðra lána hans til banka og annarra fjármálafyrirtækja fyrir hrun. Samtals næmi tap Seðlabankans og ríkissjóðs vegna þessa 267,2 ma.kr. Á móti stæðu kröfur í þrotabú banka og fjármálafyrirtækja auk ýmissa annarra krafna. Að mati Ríkisendurskoðunar væri of snemmt að fjalla um árangur af umsýslu þessara krafna eða hve mikið af þeim myndi að lokum endurheimtast.

Árið 2009 fól Fjármálaeftirlitið (FME) Arion banka að taka yfir innlánsskuldbindingar SPRON sem þá var kominn í þrot. Í skýrslunni kom fram að ríkið sé bakábyrgt vegna þessara skuldbindinga sem samtals nema 96,7 ma.kr. Sama ár fól FME Íslandsbanka að taka yfir innlánsskuldbindingar Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. þegar sá síðarnefndi féll. Fram

kom að ríkið hefði upphaflega verið bakábyrgt vegna þessa en sú ábyrgð væri ekki lengur fyrir hendi.

Árið 2010 stofnaði ríkið hlutafélagið Byr til að kaupa eignir Byrs sparisjóðs, sem þá var fallinn, og taka við hluta af skuldum hans. Þegar Byr hf. var seldur til Íslandsbanka tapaði ríkið 135 milljónum króna. Sama ár stofnaði ríkið sparisjóðinn SpKef sem keypti eignir Sparisjóðsins í Keflavík og tók yfir hluta af skuldum hans samkvæmt ákvörðun FME. Í skýrslunni kom fram að eftir að í ljós kom að virði eigna sparisjóðsins var minna en upphaflega var áætlað hefði ríkið, að tilhlutan FME, samið við nýja Landsbankann um yfirtöku þeirra og skuldanna. Samkvæmt nýlegu eignamati næmi heildarkostnaður ríkisins vegna Sparisjóðsins í Keflavík um 25 ma.kr. Í skýrslunni var einnig fjallað um framlög ríkisins til annarra sparisjóða, kröfur ríkissjóðs á VBS fjárfestingabanka hf., Askar Capital hf. og Saga Capital hf. Þá var fjallað um aðkomu ríkisins að fjárhagslegri endurskipulagningu Sjóvár árið 2009 en ríkissjóður veitti upphaflega 11,6 milljarða króna lán vegna hennar. Fram kom að heildartap ríkisins vegna Sjóvár næmi á bilinu 3,4–4,8 milljörðum króna. Enn fremur var í skýrslunni fjallað um ýmsar ábyrgðir sem féllu á ríkið við fall bankanna.

EFTIRLIT MEÐ SJÁLFSEIGNARSTOFNUNUM SEM EKKI STUNDA ATVINNUREKSTUR

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjárreiðum meira en 700 sjálfseignarstofnana, samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Hér er um að ræða sjálfseignarstofnanir sem ekki stunda atvinnurekstur, s.s. ýmsa styrktar- og minningarsjóði. Þessum aðilum er skylt að senda ársreikninga sína til Ríkisendurskoðunar sem skal hafa eftirlit með því að þeir skili sér. Þá skal stofnunin halda skrá um tekjur og gjöld þessara aðila, ásamt athugasemdum við

framlagða reikninga. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki heldur skrá um sjóði og stofnanir með staðfesta skipulagsskrá, svokallaða sjóðaskrá. Hafi reikningur ekki borist í eitt ár eða hann reynst ófullkominn að einhverju leyti getur sýslumaður, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, ákveðið að vísa máli viðkomandi sjóðs til lögreglu til rannsóknar.

Samkvæmt lögunum skal sá sem ber ábyrgð á sjóði eða stofnun með staðfesta skipulagsskrá eigi síðar en 30. júní ár hvert skila Ríkisendurskoðun ársreikningi fyrir næstliðið ár. Í ágúst 2012 birti Ríkisendurskoðun [Yfirlit um sjálfseignarstofnanir og sjóði sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá fyrir rekstrarárið 2010](#) þar sem m.a. kom fram að hinn 1. júní það ár höfðu aðeins 505 aðilar af samtals 707 sem þá voru á skrá skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2010. Í árslok 2012 höfðu um 540 aðilar skilað. Ríkisendurskoðun sendir bréf og eftir atvikum tölvupóst til forráðamanna þeirra sjóða og stofnana sem ekki skila ársreikningi á réttum tíma þar sem þeir eru eindregið hvattir til að skila. Þetta dugar þó ekki alltaf til og tilkynnir stofnunin þá um það til Sýslumannsins á Sauðárkróki.

GETUR VÍSAÐ MÁLUM TIL SÝSLUMANNS

LÖGFRÆÐILEGAR ÁLITSGERÐIR

Árlega þarf Ríkisendurskoðun að fjalla um margvísleg lögfræðileg álitamál sem varða fjárreiður, eignaumsýslu eða rekstur ríkisins. Oft tengist slík umfjöllun einstökum verkefnum á sviði fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðunar en einnig kemur fyrir að lögfræðileg álitaefni eru tekin til sjálfstæðrar athugunar. Árið 2012 var t.a.m. birt greinargerðin [Bótauppgjör við starfsmann utanríkisráðuneytis vegna tjóns á búslóð í apríl 2011](#) þar sem slík álitaefni voru til umfjöllunar.

ÝMISS KONAR LÖGFRÆÐILEG ÁLITAMÁL

ÚTGÁFA OG ALMANNATENGL

Þar sem Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og er liður í eftirliti þess með framkvæmdarvaldinu miðast skýrslur hennar og önnur upplýsingagjöf einkum við þarfir þingsins eða einstakra þingnefnda. Jafnframt er leitast við að sníða upplýsingagjöfina að þörfum stjórnenda ráðuneyta og stofnana enda beinast ábendingar stofnunarinnar um úrbætur yfirleitt að þessum aðilum. Þessar áherslur eru í samræmi við það sem þekktist meðal systurstofnana Ríkisendurskoðunar í nágrannalöndunum. En upplýsingamiðlun þessara stofnana beinist ekki einungis að þjóðþingunum og stjórnsýslunni. Hvarvetna er litið svo á að ríkisendurskoðanir eigi að leggja sig fram um að upplýsa fjölmiðla og almenning um hlutverk sitt og störf. Með því sé stuðlað að því að ábendingar stofnananna nái fram að ganga, enda geti fjölmiðlaumfjöllun og almenningsálit skapað þrýsting á valdhafa í átt til breytinga. Þá geti upplýsingamiðlun til fjölmiðla og almennings orðið til þess að efla lýðræðislega ábyrgð í stjórnsýslunni og stuðlað að því valdhafar svari fyrir athafnir sínar gagnvart þingi og þjóð.

Upplýsingastefna Ríkisendurskoðunar er í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (ISSAI 20) og tekur mið af upplýsingastefnum norrænna systurstofnana. Samkvæmt stefnunni er vönduð og öflug ytri upplýsingamiðlun ein forsenda þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt og náð árangri. Einnig kemur fram að stofnunin vilji hafa frumkvæði að því að miðla upplýsingum um hlutverk sitt og

TALIÐ MIKILVÆGT AÐ UPPLÝSA FJÖLMIÐLA OG ALMENNING

störf. Stofnunin hefur mótað þriggja ára áætlun um ytri upplýsingamiðlun á grundvelli upplýsingastefnunnar með mælanlegum markmiðum.

Ríkisendurskoðun heldur úti vefsíðu þar sem nálgast má öll opinber rit hennar (www.rikisend.is). Árið 2012 voru „heimsóknir“ á síðuna samtals um 20 þúsund. Leitast er við að útskýra helstu atriði skýrslna á einfaldan hátt í fréttum sem birtar eru á síðunni og sendar fjölmiðlum og viðtakendum sem hafa skráð sig á rafrænan póstlista stofnunarinnar. Síðustu þrjú ár hefur Ríkisendurskoðun birt á bilinu 30–40 rit og 40–50 fréttir á ári. Starfsmenn stofnunarinnar svara á hverju ári fjölmörgum fyrirspurnum fjölmiðla og almennings er varða hlutverk og verkefni stofnunarinnar.

Það rit sem oftast var opnað á vefsíðu Ríkisendurskoðunar árið 2012 var skýrslan *Skipulag og úrræði í fangelsismálum* sem kom út árið 2010. Eftirfarandi er listi yfir 10 mest opnuðu ritin. Athygli vekur að á honum eru tvö rit sem komin eru nokkuð til ára sinna, þ.e. leiðbeiningarrit um innra eftirlit ríkisaðila og skýrsla um úttekt á upplýsingakerfum tengdum virðisaukaskatti sem komu út árið 1998. Einnig er athyglisvert að skýrsla um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja, sem kom út árið 2003, er í áttunda sæti. Hún hefur verið á lista yfir mest opnuðu rit stofnunarinnar allt frá því að hún kom út.

UM 20 ÞÚSUND HEIMSÓKNIR ÁRIÐ 2012

10 mest opnuðu ritin á www.rikisend.is árið 2012

	FJÖLDI OPNANA
1. SKIPULAG OG ÚRRÆÐI Í FANGELSISMÁLUM (2010)	2.524
2. <i>FYRIRGREIÐSLA RÍKISINS VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI OG STOFNANIR Í KJÓLFAR HRUNSINS (2012)</i>	886
3. <i>ÖRRI – FJÁRHAGS- OG MANNAUÐSKERFI RÍKISINS. UNDIRBÚNINGUR OG INNLEIÐING (2012)</i>	836
4. <i>MANNAUÐSMÁL RÍKISINS – 2. STEFNA STJÓRNVALDA OG STAÐA MANNAUÐSMÁLA (2011)</i>	799
5. <i>VIRÐISAUKASKATTUR. ENDURSKOÐUN UPPLÝSINGAKERFA (1998)</i>	781
6. <i>ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA. STJÓRNSÝSLUÚTTEKT (2005)</i>	762
7. <i>INNRA EFTIRLIT (1998)</i>	758
8. <i>EINKAVÆÐING HELSTU RÍKISFYRIRTÆKJA (2003)</i>	717
9. <i>INNHEIMTA OPINBERRA GJALDA (2011)</i>	690
10. <i>LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA. LÁNSHÆFI NÁMS OG ÞRÓUN ÚTLÁNA (2011)</i>	688

ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI

Til að stuðla að því að starfsemi Ríkisendurskoðunar þróist í takt við alþjóðlega strauma og stefnur leggur stofnunin áherslu á að eiga góð samskipti og samstarf við erlendar systurstofnanir. Stofnunin hefur um árabil tekið þátt í samstarfi norrænna ríkisendurskoðana sem og starfi Evrópu- og Alþjóðasamtaka á þessu sviði, EUROSAI og INTOSAI. Þá tekur Ríkisendurskoðun þátt í að endurskoða fjölþjóðlegar stofnanir og samtök sem Ísland á aðild að, m.a. EFTA. Enn fremur hafa starfsmenn stofnunarinnar tekið virkan þátt í vinnu sem tengist viðræðum um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Fulltrúi Ríkisendurskoðunar á sæti í samningahópi um fjárhagsmálefni sem starfar á vegum aðalsamninganefndar Íslands. Loks má nefna að starfsmenn stofnunarinnar hafa tekið þátt í umbóta- og þróunarverkefnum á sviði ríkisfjármála sem stjórnvöld hér á landi hafa unnið að í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (*International Monetary Fund – IMF*).

Samtals sóttu starfsmenn Ríkisendurskoðunar 14 fundi og málstofur erlendis árið 2012 og er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Um helmingur fundanna tengdist starfi Endurskoðendaneftndar EFTA (*EFTA Board of Auditors – EBOA*) og endurskoðun á ráðstöfun styrkja úr Þróunarsjóði EFTA (*EEA Grants*). Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, Ingi K. Magnússon, er fulltrúi Ríkisendurskoðunar í EBOA og hefur jafnframt setið í vinnuhópi nefndarinnar sem annast endurskoðun vegna styrkja Þróunarsjóðsins. Aðrir fundir og málstofur tengdust norrænu samstarfi og aðildinni að EUROSAI. Árlegur fundur ríkisendurskoðenda Norðurlandanna var haldinn í Stokkhólmi í ágúst og í tengslum við hann var haldin málstofa um áhættugreiningu í opinberri endurskoðun sem einn starfsmaður sótti. Þá tók einn starfsmaður þátt í norrænni málstofu um stjórnsýsluendurskoðun sem haldin var í Osló í september og annar sótti málstofu um eigandahlutverk ríkisins í Stokkhólmi í sama mánuði.

Á vegum EUROSAI starfa nokkrir vinnuhópar sem fjalla um ýmis mál er varða opinbera endurskoðun. Nefna má hóp samtakanna um umhverfisendurskoðun (*Working Group on Environmental Auditing*) og hóp um endurskoðun viðlagasjóða (*Task Force on the Audit of Funds Allocated to Disasters and Catastrophies*). Vegna niðurskurðar framlaga til Ríkisendurskoðunar undanfarin ár hefur stofnunin ekki tekið þátt í starfi vinnuhópa EUROSAI frá árinu 2009. Á síðasta ári var stofnuninni boðið að skipa fulltrúa í nýstofnaðan vinnuhóp samtakanna um siðareglur í opinberri endurskoðun (*Task force for Audit & Ethics*) og var ákveðið að þiggja það boð. Starfsmaður Ríkisendurskoðunar sótti fyrsta fund hópsins í Lissabon í maí.

Nokkuð er um að fulltrúar erlendra systurstofnana, alþjóðastofnana eða stjórnvalda erlendra ríkja sækja Ríkisendurskoðun heim, ýmist til að fræðast um starfsemi stofnunarinnar eða vegna samstarfsverkefna. Á síðasta ári komu sérfræðingar frá hollensku, norsku og sænsku ríkisendurskoðunum tvívegis hingað til lands vegna alþjóðlegrar jafningjaúttektar á vinnubrögðum stofnunarinnar við stjórnsýsluendurskoðun (sjá næstu blaðsíðu). Þá sótti landsendurskoðandi Færeyja, Beinta Dam, stofnunina heim og fundaði með ríkisendurskoðanda.

FYRRI ÁFANGI ALPJÓÐLEGRAR JAFNINGJAÚTTEKTAR

EFTIR ÓLA JÓN JÓNSSON, UPPLÝSINGA- OG ALPJÓÐAFULLTRÚA RÍKISENDURSKOÐUNAR, OG
KRISTÍNU KALMANSDÓTTUR, SVIÐSSTJÓRA STJÓRNSÝSLUSVIÐS



Nokkuð er um að stofnanir á borð við Ríkisendurskoðun fái systurstofnanir í öðrum löndum til að taka út starfsemi sína eða tiltekna þætti hennar. Markmið slíkra jafningjaúttekta er að meta verklag og vinnubrögð og benda á leiðir til að bæta þessa þætti. Margar ríkisendurskoðanir gangast reglulega undir slíka skoðun og fá með þeim hætti gagnlegar ábendingar sem stuðla að aukinni fagmennsku og bættum árangri. Úttektirnar eru þannig liður í innra gæðastarfi stofnananna. Árið 2010 gáfu Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana (INTOSAI) út sérstakar leiðbeiningar um framkvæmd jafningjaúttekta og eru þær hluti af staðlaverki samtakanna (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*).

FIMM SÉRFRÆÐINGAR FRÁ ÞREMUR SYSTURSTOFNUNUM

Breska ríkisendurskoðunin (*National Audit Office*) gerði jafningjaúttekt á Ríkisendurskoðun árið 1997. Frá þeim tíma hafa aðferðir við slíkar úttektir þróast og

**MARKMIÐIÐ AÐ
META VERKLAG OG
VINNUBRÖGÐ**

orðið kerfisbundnari og sér þess m.a. stað í fyrrnefndum leiðbeiningum INTOSAI um jafningjaúttektir. Sumarið 2011 fór ríkisendurskoðandi, Sveinn Arason, þess á leit við ríkisendurskoðanda Hollands, Fr. Saskia Stuiveling, að stofnun hennar (*Algemene Rekenkamer*) tæki að sér að leiða alþjóðlega jafningjaúttekt á Ríkisendurskoðun. Viðbrögð hollenska ríkisendurskoðandans voru jákvæð og var fljótlega hafist handa við að skilgreina og afmarka verkefnið. Að tillögu Ríkisendurskoðunar var ákveðið að úttektin skyldi unnin í tveimur áföngum: Hinn fyrri næði til stjórnsýsluendurskoðunar en hinn síðari til fjárhagsendurskoðunar. Leitað var til sænsku ríkisendurskoðunarinnar (*Riksrevisionen*) og þeirrar norsku (*Riksrevisjonen*) um að sérfræðingar þeirra tækju þátt í jafningjaúttektinni og fengust jákvæð svör.

Gengið var frá samkomulagi um fyrri áfanga jafningjaúttektarinnar (úttekt á vinnubrögðum við stjórnsýsluendurskoðun) í janúar 2012. Markmiðið skyldi m.a. vera að kanna hvort stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar væru í samræmi við ISSAI-staðlana og hvaða áhrif þær hefðu á starfsemi og frammistöðu stjórnvalda. Skipað var teymi fimm sérfræðinga til að annast úttektina. Þrír komu frá hollensku ríkisendurskoðuninni, einn frá þeirri sænsku og einn frá þeirri norsku. Teymið ákvað að beina sérstaklega sjónum að átta stjórnsýsluúttektum Ríkisendurskoðunar frá árinu 2011. Skýrslur þessara úttekta og ýmis tengd gögn voru þýdd á ensku og send utan. Í júní kom teymið hingað til lands og vann að úttektinni í viku, tók m.a. viðtöl við starfsmenn Ríkisendurskoðunar, alþingismenn og starfsmenn ráðuneyta.

SJÓNUM BEINT AÐ ÁTTA ÚTTEKTUM FRÁ ÁRINU 2011



Úttekarteymið, f.v.: Eiríkur Einarsson (*Riksrevisionen*), Peter van der Knaap (*Algemene Rekenkamer*), Anne Heyerdahl (*Riksrevisjonen*), Frank van den Broek (*Algemene Rekenkamer*), Marieke Gorree (*Algemene Rekenkamer*).

KRAFTUR, METNAÐUR OG UMBÓTAVILJI

Drög að skýrslu úttektarinnar voru send Ríkisendurskoðun til umsagnar í október og sendi stofnunin umsögn sína nokkrum dögum síðar. Lokaskýrsla barst svo í desember

og kynnti fulltrúi úttektarteymisins hana á fundi með starfsmönnum og forseta Alþingis í ársbyrjun 2013. Í skýrslunni, [International Peer Review of the Performance Audit Practice of the Icelandic National Audit Office](#), kemur fram að Ríkisendurskoðun hefur með margvíslegum umbótum á undanförunum árum tileinkað sér þau faglegu vinnubrögð sem ISSAI-staðlarnir kveða á um. Afköst stjórnsýslusviðs stofnunarinnar eru mikil og starfsemi þess einkennist af krafti, metnaði og umbótavilja. Skýrslur sviðsins fjalla um mikilvæg málefni og skila bæði stjórnsýslunni og Alþingi ávinningi. Þá eru þær bæði aðgengilegar og læsilegar.

Um leið er bent á nokkur atriði sem gætu stuðlað að því að gera kröftugt starf enn öflugra. Nefnt er að hugsanlega megi styrkja aðferðir við val á viðfangsefnum úttekta og marka skýrari stefnu um að hvaða þáttum þær skuli beinast. Þá megi stofnunin huga að því að gera fleiri úttektir en nú á skilvirkni og árangri stofnana en bent er á að slíkar úttektir taki iðulega langan tíma. Lagt er til að stofnunin kanni möguleika á því að styrkja hönnun úttekta (e. *audit design*) þannig að gerð sé betri grein fyrir tengslum ólíkra grunnþátta þeirra, t.a.m. spurninga sem úttektum er ætlað að svara og aðferða sem beitt er til að svara þeim. Einnig megi greina betur milli ólíkra efnisþátta í skýrslum, t.d. milli staðreyndalýsinga og ályktana. Enn fremur eru veitt ráð um hvernig bæta megi samskipti starfsmanna Ríkisendurskoðunar og þeirra ráðuneyta og stofnana sem úttektir beinast að. Loks eru starfsmenn stjórnsýslusviðs hvattir til að leita í ríkari mæli en nú er ráða hver hjá öðrum og deila með sér þekkingu.

LÆRDÓMSRÍKT FERLI

Í heild dregur skýrslan upp jákvæða mynd af þeirri starfsemi sem hún nær til, þ.e. stjórnsýslusviði Ríkisendurskoðunar. Stofnunin hefur nú þegar hrint í framkvæmd ýmsum ábendinga skýrslunnar og aðrar eru til skoðunar. Að mati greinarhöfunda var þessi fyrri áfangi jafningjaúttektarinnar mjög gagnlegt og lærdómsríkt ferli sem mun skila stofnuninni margvíslegum ávinningi þegar til framtíðar er litið.

ÁHÆTTUGRUNDAÐ VERKEFNAVAL Í FJÁRHAGSENDURSKOÐUN

EFTIR ALBERT ÓLAFSSON, SKRIFSTOFUSTJÓRA Á ENDURSKOÐUNARSVIÐI, OG INGA K.
MAGNÚSSON, SVIÐSSTJÓRA ENDURSKOÐUNARSVIÐS



NAUÐSYNLEGT AÐ FORGANGSRÁÐA

Í 1. gr. laga um Ríkisendurskoðun segir m.a. að stofnunin skuli „endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins.“ Frá bankahruninu haustið 2008 hafa fjárveitingar til Ríkisendurskoðunar verið skornar verulega niður og hefur þetta m.a. haft í för með sér fækkun starfsmanna. Stofnunin stendur frammi fyrir því að hún hefur hvorki fé né mannafla til að endurskoða árlega alla fjárlagaliði. Því þarf hún að forgangsráða og velja mikilvægustu verkefni til skoðunar á hverju ári. Þetta getur þýtt að sumir fjárlagaliðir séu endurskoðaðir á hverju ári en aðrir aðeins annað hvert eða jafnvel þriðja hvert ár.

Mikilvægt er að verkefnaval stofnunarinnar sé þannig að starfsemin skili Alþingi, framkvæmdarvaldinu og almenningi sem mestum virðisauka. Reynt er að velja til skoðunar þá fjárlagaliði sem hafa mesta þýðingu fyrir niðurstöðu ríkisreiknings í heild. Einnig er horft til eðlis starfseminnar og hvort hún felur í sér hættu á að reikningsskil viðkomandi aðila gefi að einhverju leyti ekki glögga mynd af rekstri og efnahag.

Áhættugrunduð endurskoðun byggir þannig annars vegar á mati á mikilvægi (e. *materiality*) og hins vegar áhættu (e. *risk*). Markmiðið er að tryggja að jafnvel þótt ekki séu allir fjárlagaliðir endurskoðaðir árlega, þá sé endurskoðunin engu að síður nægilega umfangsmikil og vönduð til að hægt sé að meta áreiðanleika reiknings-skilanna. Horft er til margvíslegra mikilvægis- og áhættuþátta, á borð við eftirfarandi:

UMFANG REKSTRAR

Eftir því sem fjárhæðir fjárlagaliðar eru hærrí, þeim mun meiri verða áhrif reikningsskila hans á útkomu ríkisreiknings. Mikilvægi stærri stofnana er því alla jafna meira en þeirra sem minni eru.

FYRRI ATHUGASEMDIR RÍKISENDURSKOÐUNAR

Hafi Ríkisendurskoðun áður gert athugasemdir við reikningsskil eða fjármálastjórn stofnunar telst áhætta tengd henni vera meiri en ella auk þess sem tryggja þarf eftirfylgni með fyrri athugasemdum.

VERULEG BREYTING Á STARFSEMINNI

Í kjölfar hrunsins hefur Alþingi breytt ýmsum lögum í því skyni að sameina stofnanir eða endurskipuleggja starfsemi þeirra. Slíkar breytingar eru taldar valda aukinni áhættu miðað við óbreytt ástand.

VERULEGT FRÁVIK FRÁ FJÁRLÖGUM OG HUGSANLEGA NEIKVÆTT EIGIÐ FÉ

Hafi stofnun farið verulega fram úr fjárheimildum felur það í sér aukna áhættu miðað við stofnanir sem halda sig innan fjárheimilda. Hafi frávik frá fjárlögum verið verulegt getur það leitt til þess að eigið fé verður neikvætt. Sé eigið fé stofnunar neikvætt er það talið fela í sér aukna áhættu.

ÁHRIF EINSTAKRA VIÐBURÐA

Þeir þættir sem nefndir eru hér að framan eru allir almenns eðlis. Hins vegar geta einstakir viðburðir einnig haft í för með sér aukna hættu á að reikningsskil gefi ekki glögga mynd af rekstri og efnahag. Dæmi um slíkan viðburð er bankahrunið haustið 2008. Hér skulu sérstaklega nefnd tvö atriði tengd bankahruninu sem haft geta áhrif á áreiðanleika reikningsskila einstakra ríkisaðila eða ríkisreiknings í heild:

- Ríkissjóður hefur þurft að taka á sig miklar skuldbindingar sem tengjast bankahruninu beint eða óbeint. Mat á umfangi þessara skuldbindinga getur verið mikilli óvissu háð. Engu að síður er mikilvægt að allar stórar skuldbindingar séu rétt tilgreindar í ríkisreikning, þannig að hann sé áreiðanlegt plagg sem hægt er að byggja ákvarðanir um ríkisfjármálin á.
- Í kjölfar bankahrunsins hafa framlög til stofnana verið skorin niður. Mörgum þeirra hefur reynst erfitt að mæta þeim sparnaðarkröfum sem gerðar hafa verið. Þetta ástand skapar hvata fyrir stofnanir til að hagræða bókfærslum á þann veg að niðurstaða ársins sýni að sparnaðarkröfum hafi verið náð, t.d. með frestun á greiðslu reikninga. Með þessu er þó ekki sagt að stofnanir hafi fallið í þessa freistni, einungis að ástandið hafi skapað umræddan hvata.

HVERT STEFNIR?

Í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu hafa ýmsar systurstofnanir Ríkisendurskoðunar í nágrannalöndunum haft til skoðunar að breyta áherslum sínum og nálgun í grundvallaratriðum. Í stað þess að horfa einkum til fortíðar, eins og hefðbundin endurskoðun gerir, er spurt hvort umbjóðendur og markhópar þessara stofnana (þjóðþingin og framkvæmdavaldið) hefðu ekki gagn af því að í ríkara mæli væri horft til mögulegra áskorana og ógnanna í framtíðinni. Í þessu sambandi hefur m.a. verið nefnt að ríkisendurskoðanir ættu t.d. að leggja áherslu á að greina hvaða áhrif breytt aldurssamsetning þjóða muni hafa á heilbrigðisþjónustu, þjónustu við aldraða, almannatryggingakerfin og ríkisreksturinn almennt. Ríkisendurskoðun fylgist vel með þessum umræðum og hræringum. Um þessar mundir er unnið að endurskoðun laga um stofnunina. Í því ferli kann Alþingi m.a. að taka afstöðu til þess að hvaða marki eigi að breyta áherslum og nálgun stofnunarinnar frá því sem verið hefur, sbr. það sem að framan er rakið.

INNLEIÐING ALPJÓÐLEGRA STAÐLA (ISSAI) Í FJÁRHAGSENDURSKOÐUN

EFTIR ÞORBJÖRGU GUÐNADÓTTUR, DEILDARSTJÓRA Á ENDURSKOÐUNARSVIÐI, OG KRISTÍNU JÓNSDÓTTUR, SÉRFRÆÐING Á ENDURSKOÐUNARSVIÐI



Ríkisendurskoðun á aðild að Alþjóðasamtökum ríkisendurskoðana (INTOSAI) sem gefa út staðla um endurskoðun hjá hinu opinbera (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*). Samkvæmt drögum að nýjum staðli samtakanna um grundvallaratriði í opinberri endurskoðun (*Basic Principles of Government Auditing – ISSAI 100*) stuðlar endurskoðun að bættri stjórnun hjá hinu opinbera með því að:

- Stuðla að aukinni ábyrgð og gagnsæi, hvetja til stöðugra umbóta við meðferð almannaþjárfjár og opinberra eigna og bættrar frammistöðu stjórnvalda
- Aðstoða þá aðila innan ríkiskerfisins sem ætlað er að hafa yfirsýn og eftirlit með þeim aðilum sem sýsla með opinbert fé

**ENDURSKOÐUN
STUÐLAR AÐ BÆTTRI
STJÓRNUN HJÁ HINU
OPINBERA**

- Veita óháðar, hlutlægar og áreiðanlegar upplýsingar, niðurstöður og álit sem byggja á fullnægjandi og viðeigandi gögnum um rekstur ríkisstofnana og annarra aðila sem fá fé úr opinberum sjóðum
- Skapa hvata til breytinga með nýrri þekkingu, heildstæðum greiningum og vel rökstuddum tillögum til úrbóta

EKKI LAGASKYLDA AÐ FYLGJA STÖÐLUNUM

Aðildarstofnunum samtakanna er ekki skylt að fylgja ISSAI-stöðlunum nema lög kveði á um það. Ekki hvílir lagaskylda á Ríkisendurskoðun að fylgja stöðlunum en engu að síður leggur stofnunin áherslu á að fylgja þeim í hvítetna á sama hátt og aðrar aðildarstofnanir INTOSAI, enda byggja staðlarnir á bestu þekkingu og reynslu á sviði opinberrar endurskoðunar. Árið 2010 gáfu INTOSAI út nýja og mun ítarlegri staðla um fjárhagsendurskoðun en þá sem áður voru í gildi. Þeir fela í raun í sér aðlögun staðla Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) að opinbera geiranum.

HAFIST HANDA Í ÁRSLOK 2011

Í lok árs 2011 hófst innleiðing á 38 ISSAI-stöðlum vegna fjárhagsendurskoðunar og var því verkefni haldið áfram af fullum krafti árið 2012. Innleiðingarhópur með fulltrúum allra deilda sviðsins sá um skipulagningu og stjórnun verkefnisins. Markmið innleiðingarinnar var að allir starfsmenn endurskoðunarviðs þekktu til ISSAI-staðlanna og notuðu þá við endurskoðun að lokinni innleiðingu.

STUÐST VIÐ ÞEKkingu SEM FYRIR VAR Á ENDURSKOÐUNARSVIÐI

Haldnir voru mánaðarlegir fræðslufundir á sviðinu um einstaka staðla og flokka þeirra. Auk þess voru haldnir rýnifundir með virkri þátttöku starfsmanna þar sem ítarlega var farið í gegnum valda staðla og leiðbeint um beitingu þeirra. Þessi vinna var eingöngu unnin af starfsmönnum sviðsins og tóku þeir allir þátt með einum eða öðrum hætti. Rétt er að geta þess að við innleiðinguna var m.a. stuðst við þá þekkingu sem fyrir var á sviðinu, en starfsmenn stofnunarinnar hafa áður fengið ýmsar kynningar á stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Þá hafa endurskoðendur sviðsins notað IFAC-staðlana við endurskoðun fyrirtækja í opinberri eigu. Enn fremur hefur Ríkisendurskoðun fylgst með innleiðingu ISSAI-staðlanna hjá norrænum systurstofnunum og leitað til þeirra um leiðbeiningar eftir atvikum. Í byrjun september 2012 fóru starfsmenn endurskoðunarviðs sérstaklega yfir verklag við tiltekna þætti endurskoðunar. Fenginn var utanaðkomandi endurskoðandi til ráðgjafar við þessa yfirferð, m.a. til að tryggja samræmi við IFAC-staðlana. Í lok árs var síðan hafist handa við gerð leiðbeiningarrits þar sem tekið er á einstökum þáttum endurskoðunar.

STEFNT AÐ ÞVÍ AÐ LJÚKA INNLEIÐINGUNNI SEINNA Á ÁRINU

Stefnt er að því að ljúka innleiðingu ISSAI-staðlanna vegna fjárhagsendurskoðunar með formlegum hætti á árinu 2013. Fyrri hluta ársins verða tekin fyrir valin verkefni og unnin í samræmi við staðla eftir því sem við á. Í byrjun sumars verður gerð alþjóðleg jafningjaúttekt á vinnubrögðum endurskoðunarviðs þar sem m.a. verður kannað að hvaða marki staðlarnir hafa verið innleiddir. Stefnt er að því að ljúka innleiðingunni síðar á árinu með hliðsjón af niðurstöðum og mögulegum ábendingum jafningjaúttektarinnar. Í framhaldi af því verður hafist handa við innleiðingu þriggja

staðla vegna fylgniendurskoðunar en hún er yfirleitt talin órjúfanlegur hluti fjárhagsendurskoðunar.



Innleiðingarhópurinn, f.v.: Auður Guðjónsdóttir, Karlotta Aðalsteinsdóttir, Þorbjörg Guðnadóttir (formaður), Kristín Jónsdóttir, Hólmfríður Jónsdóttir og Albert Ólafsson.

STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2012

[Albert Ólafsson](#) - skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon., CISA, CIA
[Auður Guðjónsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Ásdís Hauksdóttir](#) - fulltrúi
[Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir](#) - deildarstjóri, viðskiptafræðingur / MSc., BS
[Brynja Baldursdóttir](#) - sérfræðingur
[Brynja Pétursdóttir](#) - sérfræðingur, endurskoðandi
[Einar Þorgilsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Elín Ingaðóttir](#) - skjalavörður
[Eyþór Borgþórsson](#) - rekstrarstjóri
[Geir Gunnlaugsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Grétar Bjarni Guðjónsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / M.Acc., MBA, BBA
[Guðbrandur R. Leósson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Guðmundur Björnsson](#) - deildarstjóri, lögfræðingur / cand.juris
[Helgi Guðmundsson](#) - sérfræðingur, hagfræðingur / cand.oecon
[Hilmar Þórisson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Hrafnhildur Óskarsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Ingi K. Magnússon](#) - sviðsstjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon., CIA, CGAP
[Ingunn Ólafsdóttir](#) - sérfræðingur, stjórnsýslufræðingur / EMPA, MA, BA
[Jón L. Björnsson](#) - skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon
[Karlotta Aðalsteinsdóttir](#) - sérfræðingur, endurskoðandi
[Kristinn H. Jónsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / MBA, BS
[Kristín Þorbjörg Jónsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / M.Acc., cand.oecon
[Kristín Kalmansdóttir](#) - sviðsstjóri, viðskiptafræðingur / MBA, cand.oecon., CIA
[Laufey Ásgrímsdóttir](#) - skjalastjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur / Cand.mag., BA
[Lárus Ögmundsson](#) - yfirlögfræðingur / cand.juris
[Linda Sigurðardóttir](#) - sérfræðingur
[Margrét E. Arnórsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / civil ekonom
[María Bjargmundsdóttir](#) - ritari
[Óli Jón Jónsson](#) - upplýsinga- og alþjóðafulltrúi, stjórn málafræðingur / MEA, BA
[Óskar Sverrisson](#) - deildarstjóri, endurskoðandi
[Sandra Franks](#) - sérfræðingur, stjórn málafræðingur / BA, ML í lögfræði
[Sigurður Þorvaldsson](#) - matráðsmaður, sendill
[Sigurgeir Bóasson](#) - deildarstjóri, endurskoðandi
[Steinunn Gísladóttir](#) - matráðskona
[Svafa Þ. Hinriksdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / BS
[Sveinn Arason](#) - ríkisendurskoðandi
[Telma Steingrímsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon

[Thelma Hillers](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / BS

[Viðar H. Jónsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon

[Þorbjörg Guðnadóttir](#) - deildarstjóri, viðskiptafræðingur / M.Acc., cand.oecon

[Þórir Óskarsson](#) - deildarstjóri, íslenskufraeðingur / cand.mag., BA

OPINBER RIT ÁRIÐ 2012

- [Atvinnutengd starfsendurhæfing](#)
- [International Peer Review of the Performance Audit Practice of the Icelandic National Audit Office](#)
- [Alþjóðleg jafningjaúttekt á vinnubrögðum Ríkisendurskoðunar við stjórnsluendurskoðun](#)
- [Dvalarheimili aldraðra: Rekstur og starfsemi](#)
- [Endurskoðun ríkisreiknings 2011](#)
- [Þjónustusamningur ríkisins við Farice ehf.](#)
- [Bílanefnd ríkisins](#)
- [Eftirlit með skuldum og fjármaðgskostnaði ríkisstofnana](#)
- [Framkvæmd fjárlaga janúar–júni 2012](#)
- [Bótauppgjör við starfsmann utanríkisráðuneytis vegna tjóns á búslóð í apríl 2011](#)
- [Orri – fjárhaq- og mannauðskerfi ríkisins. Undirbúningur og innleiðing](#)
- [Sértekjur A-hluta](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar \(2009\)](#)
- [Greinargerð vegna umfjöllunar Margrétar Tryggvadóttur alþingismanns á Eyjunninni um eftirlit Ríkisendurskoðunar með fjárreiðum stjórnmalaflokka](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Heilbrigðisstofnun Austurlands \(2009\)](#)
- [Yfirlit um sjálfseignarstofnanir og sjóði sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá fyrir rekstrarárið 2010](#)
- [Fyrirgreiðsla ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Íslensk muna- og minjasöfn \(2009\)](#)
- [Landhelgisgæsla Íslands: Verkefni erlendis](#)
- [Rekstur og fjárhaqsstaða Ábyrgðasjóðs launa](#)
- [Frumgreinanám íslenskra skóla](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Lyfjastofnun \(2009\)](#)
- [Framkvæmd fjárlaga janúar til mars 2012. Ábending frá Ríkisendurskoðun](#)
- [Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2011](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Útflutningsaðstoð og landkynning \(2009\)](#)
- [Rannsóknarframlög til háskóla](#)
- [Fóðursjóður. Tilgangur og ávinningur](#)
- [Fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands](#)
- [Skuldbindandi samningar – 8. Utanríkisráðuneyti](#)
- [Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila 2008–2010](#)
- [Skil, samþykkt og skráning rekstraráætlana](#)
- [Skuldbindandi samningar – 7. Umhverfissráðuneyti](#)
- [Skuldbindandi samningar – 6. Mennta- og menningarmálaráðuneyti](#)

- Skuldbindandi samningar – 5. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
- Náttúruminjasafn Íslands
- Ríkisábyrgðir og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sem ekki koma fram í fjárlögum eða fjáraukalögum
- Skuldbindandi samningar – 4. Forsætisráðuneyti
- Skuldbindandi samningar – 3. Innanríkisráðuneyti

ÁRSREIKNINGUR 2012

SKÝRSLA STJÓRNENDA OG STAÐFESTING ÁRSREIKNINGS

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnáskilendurskoðun hjá þeim aðilum sem henni ber lögum samkvæmt að endurskoða.

Á árinu 2012 varð 29,1 m.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 12,3 m.kr., skuldir 5,3 m.kr. og eigið fé nam 7,0 m.kr. í árslok 2012.

Ríkisendurskoðandi og rekstrarstjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2013.



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi



Eyþór Borgþórsson
rekstrarstjóri

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Til forsætisnefndar Alþingis

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber mér að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit mitt.

Álit

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Reykjavík, 28. febrúar 2013.



Gunnar Sigurðsson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2012

	Skýr.	2012	2011
Tekjur			
Seld þjónusta		42.383.145	41.650.971
Aðrar tekjur		2.215	630
	1	<u>42.385.360</u>	<u>41.651.601</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	394.807.410	366.978.442
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	10.463.859	9.269.648
Funda- og ferðakostnaður	4	11.728.085	10.012.709
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5	48.417.716	59.724.265
Rekstur tækja og áhalda	6	1.353.506	1.445.817
Annar rekstrarkostnaður	7	5.334.587	4.889.424
Húsnæðiskostnaður	8	26.870.268	24.932.854
Bifreiðarekstur	9	413.425	566.126
Tilfærslur	10	700.000	1.475.000
		500.088.856	479.294.285
Eignakaup	11	1.765.335	2.013.781
		<u>501.854.191</u>	<u>481.308.066</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(459.468.831)	(439.656.465)
Ríkisframlag		<u>430.400.000</u>	<u>405.800.000</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>(29.068.831)</u>	<u>(33.856.465)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2012

Eignir	Skýr.	2012	2011
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	12	4.457.321	34.692.049
Viðskiptakröfur		7.703.117	12.244.387
Handbært fé		135.410	159.569
		<u>12.295.848</u>	<u>47.096.005</u>
Eignir alls		<u>12.295.848</u>	<u>47.096.005</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		36.068.712	69.925.177
Tekjuafgangur ársins		(29.068.831)	(33.856.465)
Höfuðstóll 13		<u>6.999.881</u>	<u>36.068.712</u>
Eigið fé		<u>6.999.881</u>	<u>36.068.712</u>
 Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		5.295.967	11.027.293
Skuldir		<u>5.295.967</u>	<u>11.027.293</u>
Eigið fé og skuldir		<u>12.295.848</u>	<u>47.096.005</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....	(29.068.831)	(33.856.465)
Veltufé frá rekstri	(29.068.831)	(33.856.465)
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....		4.541.270	(3.139.608)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....	(5.731.326)	4.164.682
	(1.190.056)	1.025.074
Handbært fé frá rekstri	(30.258.887)	(32.831.391)
 Fjármögnunarhreyfingar			
 <i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(430.400.000)	(405.800.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		460.634.728	438.522.786
Fjármögnunarhreyfingar		30.234.728	32.722.786
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(24.159)	(108.605)
 Handbært fé í ársbyrjun.....		159.569	268.174
 Handbært fé í lok ársins		135.410	159.569

SKÝRINGAR

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð í þeim mánuði sem stofnað er til útgjalda.

Starfsþáttgreining

Í skýringum er rekstri stofnunarinnar skipt eftir verkefnum sem falla að skipulagi hennar.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

SKÝRINGAR

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2012 gerðu sem fyrr ráð fyrir samdrætti fjárveitinga frá árinu á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 430,4 m.kr. Engar breytingar urðu á fjárheimildum til ársloka 2012.

Rekstrargjöld, að frádragnum sértekjum, námu samtals 459,5 m.kr. og urðu því 29,1 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(35.900)	(35.900)	(42.385)	6.485
Laun og launatengd gjöld	365.700	365.700	394.807	(29.107)
Önnur rekstrargjöld	99.700	99.700	104.581	(4.881)
Tilfærslur	0	0	700	(700)
	<u>429.500</u>	<u>429.500</u>	<u>457.703</u>	<u>(28.203)</u>
Stofnkostnaður	900	900	1.765	(865)
	<u>430.400</u>	<u>430.400</u>	<u>459.469</u>	<u>(29.069)</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

	2012	2011
Sértekjur	(42.385)	(41.652)
101 Ríkisendurskoðun	500.089	479.294
601 Stofnkostnaður	1.765	2.014
	<u>459.469</u>	<u>439.656</u>

Starfsþáttgreining

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir viðfangsefnum sem byggja á tímaskráningarkerfi stofnunarinnar.

Fjárhagsendurskoðun	220.589	197.845
Stjórnsýsluendurskoðun	110.294	105.518
Önnur eftirlitsverkefni	41.360	39.569
Yfirstjórn, rekstur og stoðþjónusta	87.316	96.724
	<u>459.559</u>	<u>439.656</u>

Sundurlíðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja.

	2012	2011
Seld sérfræðiþjónusta	42.383.145	41.650.971
Aðrar tekjur	2.215	630
	<u>42.385.360</u>	<u>41.651.601</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 394,8 m.kr. og hækkuðu milli ára um 27,8 m.kr. eða 7,6%. Í árslok 2012 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 42 sem er fimm starfsmönnum færri en í lok fyrra árs. Ársverk fastráðinna starfsmanna á árinu 2012 miðað við dagvinnu voru um 42,5 sem er fækkun um 1,5 frá fyrra ári. Engar aðrar launabreytingar urðu á árinu 2012 en þær sem voru umsamdar í kjarasamningum. Áfallið orlof er ekki reiknað eða fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	277.742.303	264.208.927
Yfirvinna og einingalaun	40.923.833	29.681.908
Önnur laun og starfstengdar greiðslur	2.350.000	2.256.000
Launatengd gjöld	<u>73.791.274</u>	<u>70.831.607</u>
	<u>394.807.410</u>	<u>366.978.442</u>

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Í heild nam kostnaðurinn 10,5 m.kr. og hækkaði frá fyrra ári um 1,2 m.kr. eða 12,9%. Afnotagjöld, einkum vegna hugbúnaðar, hækkuðu um 0,8 m.kr. eða 17,7%. Ástæðan er einkum uppfærsla og árgjöld af hugbúnaði. Þá lækkuðu gjöld vegna útgáfustarfsemi um 0,5 m.kr. eða 73,3% meðan kostnaður við kaup á bókum og öðru kynningarefni jókst um 0,4 m.kr. ásamt því að kostnaður vegna skrifstofuvara hækkaði um 0,1 m.kr. Kostnaður vegna gjafa til gesta hækkaði um 0,3 m.kr.

Tímarit, blöð og bækur	904.911	666.182
Auglýsingar og kynningar	238.440	115.675
Símagjöld	2.049.775	1.964.905
Burðargjöld	234.848	260.371
Útgáfustarfsemi	177.704	665.218
Afnotagjöld	5.078.425	4.314.625
Skrifstofuvörur	1.260.732	1.112.354
Gjafir	519.024	170.318
	<u>10.463.859</u>	<u>9.269.648</u>

SKÝRINGAR

4. Funda- og ferðakostnaður

Á árinu 2012 nam kostnaðurinn 11,7 m.kr. og varð um 1,7 m.kr. hækkun á þessum kostnaðarlið eða 17,1%. Ástæðu þessa má að mestu rekja til 1,9 m.kr. hækkunar á kostnaði vegna dvalarkostnaðar erlendra úttektarmanna en kostnaður við utanlandsferðir dróst saman um 0,8 m.kr. Þá hækkaði aksturskostnaður um 0,2 m.kr. Námskeiðs- og félagsgjöld lækkuðu um 0,1 m.kr. en aðrir kostnaðarliðir hækkuðu.

	2012	2011
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	2.351.848	492.454
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	4.280.932	5.069.882
Funda- og ráðstefnugjöld	16.000	31.970
Námskeiðsgjöld	2.221.100	2.347.827
Félagsgjöld	1.010.864	922.395
Risna	837.995	309.105
Akstur	1.009.346	839.076
	<u>11.728.085</u>	<u>10.012.709</u>

5. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Í heild nam kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu 48,4 m.kr. og dróst hann saman um 11,3 m.kr. eða 18,9%. Á árinu 2012 nam kostnaður við kaup á endurskoðunarþjónustu vegna A-hluta stofnana 41,2 m.kr. en var 52,4 m.kr. árið 2011. Í lok ársins voru í gildi samningar við 10 endurskoðunarstofur og greitt var fyrir endurskoðun hjá 37 A-hluta ríkisaðilum. Kostnaður vegna tölvu- og kerfisfræðipjónustu dróst saman um 1,7 m.kr. þar sem lokið var við endurbætur á heimasíðu stofnunarinnar á árinu 2011.

Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	785.324	2.532.726
Önnur sérfræðipjónusta	6.463.866	4.812.589
Endurskoðunarþjónusta	41.168.526	52.378.950
	<u>48.417.716</u>	<u>59.724.265</u>

6. Rekstur tækja og áhalda

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði.

Smátæki og áhöld	682.286	741.926
Viðgerðir og viðhald	639.032	607.492
Varahlutir og viðhaldsvörur	4.588	538
Leigugjöld tækja og áhalda	27.600	37.000
Uppsetning á netbúnaði	0	58.861
	<u>1.353.506</u>	<u>1.445.817</u>

7. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður tekur yfir ýmsan rekstrarkostnað og nam hann 5,3 m.kr. Kostnaðurinn jókst um 0,4 m.kr. eða 9,1%. Kostnaður við rekstur mótuneytis hækkaði milli ára eða um 0,5 m.kr. en lækkun varð á kostnaði við tryggingar og ýmis þjónustugjöld.

	2012	2011
Máltíðir	3.977.537	3.449.584
Rekstrarvörur	492.553	500.955
Ýmis þjónustugjöld	57.051	159.122
Opinber gjöld, tryggingar og vextir	807.446	779.763
	<u>5.334.587</u>	<u>4.889.424</u>

8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Bríetartúni 7 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Í heild nam kostnaðurinn 26,9 m.kr. og jókst um 1,9 m.kr. eða 7,8%.

Leigugjöld	20.456.568	18.361.728
Orka	1.946.967	1.757.235
Viðhald fasteigna	11.137	139.927
Búnaður til innréttinga	10.765	0
Þrif og sorphirða	4.257.829	3.973.778
Annar húsnæðiskostnaður	187.002	700.186
	<u>26.870.268</u>	<u>24.932.854</u>

9. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Land Cruiser árgerð 2006.

Bensín og olía	203.031	241.856
Opinber gjöld og tryggingar	119.860	112.640
Viðgerðir og viðhald	90.534	193.630
Rekstrarvörur og þjónusta	0	18.000
	<u>413.425</u>	<u>566.126</u>

10. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags stofnunarinnar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

SKÝRINGAR

11. Eignakaup

Á árinu 2012 var haldið áfram með nauðsynlega endurnýjun á tölvubúnaði.

	2012	2011
Tölvubúnaður	1.192.568	1.489.680
Önnur tæki, skrifstofubúnaður og listaverk	572.767	524.101
	<u>1.765.335</u>	<u>2.013.781</u>

Annað

12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2012 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 4,5 m.kr. og hafði lækkað um 30,2 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2012	34.692.049
Ríkisframlag	430.400.000
Greiðslur	(495.734.918)
Millifærslur	35.100.190
Staða 31. desember 2012	<u>4.457.321</u>

13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2012 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 7,0 m.kr. og hafði hún lækkað um 29,1 m.kr. frá árinu á undan.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2012	36.068.712
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(459.468.831)
Ríkisframlag	430.400.000
Höfuðstóll 31. desember 2012	<u>6.999.881</u>

Kennitölur

Stofnunin hefur á liðnum árum notað ýmsa árangursmælikvarða í rekstri. Slíkir mælikvarðar geta breyst í árunna rás. Stofnunin telur ekki eðlilegt að telja bæði áritun á ársreikninga og útgefin endurskoðunarbréf þar sem í mörgum tilvikum er um sama endurskoðunarverkefni að ræða og því tvítalið. Stofnunin hefur því ákveðið að greina nú frá endurskoðunarverkefnum sem unnin eru af starfsmönnum hennar og einnig endurskoðunarfélögum í umboði hennar skv. samningum þar um.

	2012	2011	2010	2009	2008
Verkefnavísar					
Endurskoðunarverkefni	251	280			
Áritaðir ársreikningar			228	319	305
Endurskoðunarbréf			212	209	222
Stjórnsýsluúttektir	25	28	22	12	12
Aðrar skýrslur	13	12	25	21	21
Rit	0	0	1	0	1

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur

Rekstrartekjur	42.385	41.652	67.210	366.707	40.183
Rekstrargjöld	(500.089)	(479.294)	(472.029)	(818.502)	(473.389)
Stofnkostnaður	(1.765)	(2.014)	(3.187)	(2.874)	(18.594)
Tekjuafgangur	(459.469)	(439.656)	(408.006)	(454.669)	(451.800)
Ríkisframlag	430.400	405.800	424.800	459.300	482.200
Tekjuafgangur ársins	(29.069)	(33.856)	16.794	4.631	30.400

Efnahagur

Veltufjármunir	12.296	47.096	76.788	96.252	83.261
Eignir alls	12.296	47.096	76.788	96.252	83.261
Höfuðstóll	7.000	36.069	69.925	53.131	75.447
Skammtímaskuldir	5.296	11.027	6.863	43.121	7.814
Eigið fé og skuldir alls	12.296	47.096	76.788	96.252	83.261